

**Námsmat**  
**við Kennaraháskóla Íslands**

**Greinargerð um úttekt á námsmati**

**við skólann haustið 2002**

**Amalía Björnsdóttir**

**Börkur Hansen**

**Elín Thorarensen**

**Helga Rut Guðmundsdóttir**

**Ingibjörg Harðardóttir**

**Ingvar Sigurgeirsson**

**Kári Jónsson**

**Meyvant Þórólfsson**

**Sif Einarsdóttir**

**Þórdís Þórðardóttir**

**Febrúar 2004**

**Kennaraháskóli Íslands**

## Efnisyfirlit

---

### Í HNOTSKURN

---

#### INNGANGUR

1.	Um Kennaraháskóla Íslands og megináherslur í námi og kennslu .....	8
2.	Tilgangur námsmats og fyrirkomulag þess .....	9
3.	Nánar um námsmat í Náms- og kennsluskrá.....	9
4.	Úttekt á námsmati við Kennaraháskóla Íslands haustið 2002.....	12

---

#### I. FYRIRKOMULAG NÁMSMATS

1.	Meginuppsprettur upplýsinga.....	13
2.	Sú mynd sem innsendar kennsluáætlanir gefa af námsmati við Kennaraháskóla Íslands .....	14
3.	Samanburður á fyrirkomulagi námsmats eftir deildum .....	14
4.	Samanburður á námsmati eftir brautum.....	15
5.	Hlutfallslegt vægi prófa þar sem þau komu fyrir .....	15
6.	Megindrættir í niðurstöðum úttektarinnar .....	15

---

#### II. HEFÐBUNDIN PRÓF

1.	Námskeið sem lýkur með prófi .....	17
2.	Ólíkar gerðir prófa .....	18
3.	Eðli og gerð skriflegra prófa .....	19

---

#### III. HEIMAPRÓF

1.	Heimapróf samkvæmt kennsluskrá og próftöflu.....	25
2.	Reynsla af heimaprófum og viðhorf til þeirra.....	26
3.	Samantekt um heimapróf .....	32

---

#### IV. VERKEFNI

1.	Fjöldi verkefna og vægi í námsmati .....	35
2.	Tegundir / gerðir verkefna .....	38
3.	Umfang verkefna.....	39
4.	Einstaklingsverkefni – hópverkefni .....	39
5.	Einkunnir og endurgjöf fyrir verkefni.....	40
6.	Samantekt um verkefni .....	40

---

## V. EINKUNNIR

1.	Meðaltöl og dreifing einkunna eftir brautum og deildum.....	42
2.	Samanburður einkunna í staðnámi og fjarnámi .....	44
3.	Samanburður einkunna eftir misserum .....	44
4.	Samanburður einkunna eftir brautum.....	48
5.	Samanburður einkunna í Kennaraháskóla Íslands og kennaradeild Háskólans á Akureyri .....	55
6.	Samantekt um einkunnir .....	56

---

## VI. VIÐHORF NEMENDA TIL NÁMSMATS

1.	Hverjir spurðir, fjöldi, hvenær lagt fyrir .....	57
2.	Hefðbundin, skrifleg próf og framkvæmd þeirra .....	57
3.	Munnleg próf og verkleg próf.....	60
4.	Heimapróf .....	61
5.	Einstaklingsverkefni og hópverkefni .....	63
6.	Annað er tengist námsmati við skólann .....	65

---

## VII. UMRÆÐA

---

## VIII. LOKAORÐ

---

## VIÐAUKI

## HEIMILDIR

# Í hnotskurn

---

Haustið 2002 framkvæmdi hópur starfsmanna við Kennaraháskóla Íslands úttekt á námsmati við skólann undir stjórn deildarforseta framhaldsdeildar, Barkar Hansen, og deildarforseta grunndeildar, Ingvars Sigurgeirssonar. Skoðað var fyrirkomulag námsmats eins og það birtist í útgefnum gögnum stofnunarinnar, höfð voru viðtöl við kennara, skoðaðar voru meðaleinkunnir og dreifing þeirra í gögnum Nemendaskrár og spurningalisti var lagður fyrir útskriftarnema. Einnig var gerð úttekt á uppbyggingu skriflegra prófa.

Í starfshópnum sátu, auk deildarforseta grunndeildar og framhaldsdeildar, Elín Thorarensen, Helga Rut Guðmundsdóttir, Ingibjörg Harðardóttir, Kári Jónsson, Sif Einarsdóttir og Þórdís Þórðardóttir. Meyvant Þórólfsson bættist í hópinn haustið 2003 og sá um að draga niðurstöður saman í skýrslu og ritaði einnig inngangskafla, umræðukafla og lokaorð. Þá lagði Amalía Björnsdóttir lokahönd á kafla um einkunnir, las alla skýrsluna yfir og kom með gagnlegar athugasemdir og ábendingar.

Frá því úttektin var framkvæmd hafa farið fram umræður um niðurstöður og túlkun þeirra. Bæði hefur verið rætt um framsetningu og fyrirkomulag og einnig um hvaða lærdóm má draga af niðurstöðunum. Þær voru kynntar og ræddar á misserisþingi skólans 23. febrúar 2004 og í framhaldi af því var ákveðið að taka saman skriflega skýrslu.

Hér er að finna allar helstu niðurstöður úttektarinnar. Skýrslan er þannig byggð upp að fyrst er dregið saman í hnotskurn meginefni hennar og helstu niðurstöður. Síðan koma meginkaflarnir sjö, þ.e. **Inngangur**, **Fyrirkomulag námsmats**, **Hefðbundin próf**, **Heimapróf**, **Verkefni**, **Einkunnir** og **Viðhorf nemenda til námsmats**. Á það skal bent að starfshópurinn sem vann að úttektinni skipti með sér verkum og aflaði gagna úr ýmsum áttum. Þess vegna ber að líta á hvern kafla sem sjálfstæðan og tölur sem þar koma fram eru ekki endilega í fullu samræmi við tölur sem koma fram í öðrum köflum um svipað efni. Til dæmis gat verið breytilegt hversu langt var gengið í að afla kennsluáætlana frá kennurum. Í sumum tilvikum var byggt á upplýsingum sem kennarar létu í té – í öðrum tilvikum var viðbótarupplýsinga aflað ef þurfa þótti.

Í **Inngangi** er greint frá megináherslum í námsmati við Kennaraháskóla Íslands samkvæmt ákvæðum í Náms- og kennsluskrá og lögum og reglum um skólann. Þar er einnig grein frá starfshópnum sem vann að úttekt á námsmati haustið 2002 og vinnu hans.

Í kafla 1, **Fyrirkomulag námsmats**, er greint nánar frá framkvæmd úttektarinnar og þeirri mynd sem hún gefur af námsmati við skólann. Tilgreindar eru meginuppsprettur upplýsinga, rætt um samanburð á deildum og brautum og um hlutfallslegt vægi prófa og verkefna.

Í 2. kafla, **Hefðbundin próf**, er fjallað nánar um þátt prófa í námsmati. Þar er einnig gerð grein fyrir inntaksgreiningu á 77 prófum sem var skilað til prófstjóra haustið 2002.

Í 3. kafla, *Heimapróf*, er skýrt frá viðtölum við 22 kennara sem höfðu reynslu af að leggja fyrir heimapróf. Þar er reynt að draga fram hver þáttur heimaprófa er í heildarnámsmati og viðhorf kennaranna til þeirra, þar sem þeir tiltóku bæði kosti og ókosti. Í kafla 6 koma fram viðhorf útskriftarnema til heimaprófa.

Í kafla 4, *Verkefni*, er dregin upp mynd af fyrirkomulagi verkefna í námsmati, hvers kyns þau eru, hve mörg og hvort um einstaklingsverkefni eða hópverkefni er að ræða. Viðhorf útskriftarnema til heimaprófa koma fram í 6. kafla.

Í 5. kafla, *Einkunnir*, koma fram megindrættir í upplýsingum frá Nemendaskrá um meðaleinkunnir, meðaltal hæstu einkunna, meðaltal lægstu einkunna og meðaltal algengustu einkunna í grunndeild og framhaldsdeild. Þá eru einkunnir við Kennaraháskólann bornar saman við einkunnir í kennaradeild Háskólans á Akureyri.

Í kafla 6, *Viðhorf nemenda til námsmats*, er greint frá skoðanakönnun sem lögð var fyrir útskriftarnema vorið 2002, en svör bárust frá 137 nemum. Þar var spurt um viðhorf þeirra til prófa af ýmsu tagi, verkefna og annarra þátta í námsmati, er snúa beint að nemendum.

## **Helstu niðurstöður í hnotskurn:**

### **1. kafli - Námsmat við Kennaraháskóla Íslands**

- Á haustmisseri 2002 voru í boði 274 námskeið í grunndeild og framhaldsdeild Kennaraháskóla Íslands. Tvenns konar fyrirkomulag námsmats var algengast á þessum námskeiðum. Annars vegar voru námskeið sem byggðust á prófi og verkefnum, en hins vegar voru námskeið, þar sem einvörðungu var byggt á verkefnum. Þetta tvennt var álíka algengt.
- Námsmat í framhaldsdeild byggir oftast á verkefnum en sjaldan á prófum.
- Þegar námsmat er byggt á prófum og verkefnum er algengast að próf vegi þyngra en verkefni.

### **2. kafli - Hefðbundin próf**

- Hlutfall prófa í námsmati er 71% á íþróttabraut, 45% á kennsluréttindabraut, 39% á þroskaþjálfabraut, 37% á grunnskólabraut, 26% á leikskólabraut og 20% í framhaldsdeild.
- Dæmi eru um að horfið sé frá hefðbundnum prófum þótt þau séu auglýst í kennsluáætlunum og Náms- og kennsluskrá og í þeirra stað komi verkefni eða heimapróf.
- Haustið 2002 voru fjórar gerðir af prófum notaðar við Kennaraháskóla Íslands, þ.e. skrifleg próf (84%), heimapróf (6,8%), munnleg próf (6,8%) og verkleg próf (2,7%).
- Inntaksgreind voru 77 prófsýnishorn af ýmsum brautum. Í þeim skipuðu stuttar ritgerðaspurningar og lengri ritgerðaspurningar langstærstan sess. Talsvert er einnig um krossaspurningar.

- Í prófspurningum virðist mest hafa reynt á staðreyndabekkingu, en minnst á eigin viðhorf og röksemdafærslur.

### 3. kafli - Heimapróf

- 22 kennarar við Kennaraháskóla Íslands svöruðu þegar óskað var eftir upplýsingum um heimapróf.
- Heimapróf eru í langflestum tilvikum lögð fyrir í lok námstíma líkt og hefðbundin skrifleg próf.
- Algengast er að einkunnir fyrir heimapróf vegi 50% í heildarnámsmati. Þær eru að jafnaði gefnar í tölum og endurgjöf er sjaldan önnur.
- Algengasta tímalengd í heimaprófum er 24 klukkustundir. Reynslan sýnir þó að heimapróf standi allt frá 2 klukkustundum upp í nokkra daga.
- Prófverkefni í heimaprófum er í langflestum tilvikum ritgerðaspurningar.
- Helstu kostir heimaprófa eru að mati kennara, sem þau nota, að þau valdi nemum minna álagi, séu þægilegri fyrir þá og þau henti sérstaklega eldri nemum. Þau séu enn fremur raunhæfari mælikvarði á getu nemenda.
- Helstu ókostir heimaprófa eru að mati kennaranna, að úrlausnir séu of langar og illa skipulagðar, þau geri minni kröfur til nema, þau séu tímafrek í yfirferð og takmarkað sé hvað hægt er að prófa. Síðast en ekki síst sé ekkert eftirlit með próftökum og því ógerningur að vita hvernig þeir leysa prófin og til dæmis hvort svindl komi fyrir.
- Ýmsar tillögur koma fram um úrbætur á heimaprófum, s.s. að reyna að auka fjölbreytni prófatríða, setja skýrari reglur um þau, stytta próftíma og vanda betur gerð þeirra. Tveir kennarar, sem hafa reynslu af þeim, leggja til að þau verði aflögð.
- Rúm 60% þeirra 137 útskriftarnema, sem spurðir voru, segjast hafa einhvern tíma tekið heimapróf, flestir 1-4 sinnum (52%).
- Þegar nemar eru spurðir um kosti heimaprófa svara flestir því til að þau bjóði upp á þægilegri aðstæður og þau leiði til markvissara náms og raunhæfara mats.
- Þegar nemar eru spurðir um galla heimaprófa svara flestir því til að það sé erfiðara prófform, auðvelt sé að svindla og prófin séu of löng.

### 4. kafli - Verkefni

- Vægi verkefna er mjög mikið í námsmati við Kennaraháskóla Íslands (sbr. 1. kafla).
- Nokkur misbrestur var á skráningu á hlutfallslegu vægi verkefna í kennsluáætlunum í grunndeild en í framhaldsdeild er þessi skráning yfirleitt skýr. Einnig kom fram að þessi skráning er misítarleg eftir brautum.
- Í tæpum helmingi kennsluáætlana framhaldsdeildar (43%) var óljóst hvers eðlis verkefni voru, þ.e. hvort þau voru skrifleg, verkleg eða blanda af hvoru tveggja og jafnvel öðru.

- Vægi verkefna í námsmati er samkvæmt greiningunni sem hér var gerð, minnst á íþróttabraut (50,2% að meðaltali), en mest í fjarnámi á grunnskólabraut (81,4% að meðaltali).
- Almenn má segja að upplýsingum um fyrirkomulag verkefna, t.d. hvort um sé að ræða einstaklingsverkefni eða hópverkefni, upplýsingum um framsetningu og fyrirgjöf eða endurgjöf, sé ábótavant í kennsluáætlunum.
- Í þeim kennsluáætlunum, sem greindar voru, kom í ljós að jafnvægi virðist ríkja milli einstaklingsverkefna og hópverkefna. Athugið að hér var aðeins hluti þeirra námskeiða skoðaður, sem var í boði haustið 2002 við skólann.
- Í þeirri úttekt sem hér var gerð kemur ekkert fram um kröfur til að standast verkefni og skil þeirra og ekki er ljóst hvort kennarar fylgja alltaf ákvæðum í Náms- og kennsluskrá um eindaga og viðmið um lágmarkseinkunnir í verkefnum.
- Þættir, sem lagðir eru til grundvallar mati í verkefnum eru mjög fjölbreytilegir og tengjast fjölbreytilegum markmiðum sem má segja að samræmist meginmarkmiðum náms við Kennaraháskóla Íslands sbr. Náms- og kennsluskrá 2002-2003 bls. 10.
- Margbreytileiki í lýsingum á verkefnum, sem liggja til grundvallar í námsmati, er gríðarlega mikill. Þess vegna er ástæða til að spyrja, hvort ekki sé ástæða til að setja viðmið eða nokkurs konar gátlista fyrir kennara, þegar þeir setja fram lýsingar á verkefnum er hafa vægi í námsmati, t.d. hvað varðar vægi hvers verkefnis miðað við aðra þætti í námskeiði, matsaðferðir, hvað sé metið og umfang verkefnis svo eitthvað sé nefnt.

## 5. kafli - Einkunnir

- Haustið 2002 eru hæstu meðaleinkunnir á tómskundabraut (8,63) og lægstu meðaleinkunnir eru á þroskaþjálfabraut (7,39). Á grunnskólabraut eru meðaltöl meðaleinkunna 8,03 og í framhaldsdeild eru þau 8,06.
- Meðaleinkunnir í grunndeild fara oftast hækkandi eftir því sem líður á námið, en þó eru undantekningar frá því. Á kennsluréttindabraut og íþróttabraut er þessu öfugt farið. Á íþróttabraut eru meðaltöl lægstu einkunna lægst á 5. misseri eða 3,75.
- Í framhaldsdeild eru meðaltöl nokkuð breytileg eftir námskeiðsflokkum og sömu sögu eru að segja um dreifingu einkunna. Þar er áberandi mestur munur á meðaltali hæstu einkunna annars vegar (9,5) og lægstu einkunna hins vegar (2,5).
- Algengustu einkunnir sem gefnar eru á leikskóla-, íþrótt-, og kennsluréttindabraut eru 8. Saman einkunn 8 er einnig algengust í framhaldsdeild og í diplómanámi á leikskólabraut, en 8,5 er algengasta einkunn á grunnskólabraut og 9 í diplómanámi á tómskundabraut.

## 6. kafli - Viðhorf nemenda til námsmats

- Um 80% útskriftarnema 2002 telja eðlilega lengd prófs á 2 eininga námskeiði vera 2-3 klukkustundir.
- Flestir segjast sjaldan eða aldrei lenda í tímahraki í prófum.
- Mikill meirihluti útskriftarnema, 80% svarenda, telur besta próftímamann vera árdegis.

- Um helmingur svarenda hefur aldrei nýtt sér rétt til að skoða prófurlausn sína eftir að hún hefur verið metin og einkunn gefin.
- Um 36% svarenda eru mótfallnir munnlegum prófum, 26% fylgjandi en 29% hlutlausir.
- Um 29% svarenda eru fylgjandi verklegum prófum, 18% mótfallnir en 42% hlutlausir.
- Rúm 60% svarenda hafa einhvern tíma tekið heimapróf, flestir 1-4 sinnum (52%).
- Um 45% svarenda telja áherslu á hópverkefni mikla eða of mikla. 49% telja hana mátulega.
- Um 37% telja hlutfall hópverkefna miðað við einstaklingsverkefni vera mikið eða of mikið. 51% telja það mátulegt.
- Útskriftarnemar telja verkefni yfirleitt tengjast efni námskeiða vel eða mátulega.
- Um 48% svarenda finnst kennarar skila niðurstöðum mats á verkefnum seint eða of seint. 46% finnst kennarar skila niðurstöðum tímanlega.
- Flestum svarenda, eða 75%, finnst einkunnir við Kennaraháskólann vera sanngjarnar, 16% telja þær háar eða of háar.

#### **7. kafli - Umræða**

- Varpað er fram spurningum um hvort námsmat við Kennaraháskóla Íslands sé í góðu samræmi við eðli náms og kennslu við stofnunina. Horft er á þessar spurningar í ljósi ákvæða og umfjöllunar um námsmat í Náms- og kennsluskrá.
- Umræða er um einkunnir og dreifingu þeirra.

#### **Lokaorð og viðauki**

- Í lokaorðum eru settar fram tillögur um viðbrögð við niðurstöðum skýrslunnar
- Niðurstöður umræðuhópa á misserisþingi 23. febrúar 2004 eru í viðauka



# Inngangur

---

## Meginefni í inngangi:

- **Um Kennaraháskóla Íslands og megináherslur í námi og kennslu**
- **Tilgangur námsmats, hvað metið, hvernig metið og viðmið**
- **Um námsmat í Náms- og kennsluskrá**
- **Úttekt á námsmati við Kennaraháskóla Íslands haustið 2002**

**Kennaraháskóli Íslands** starfar nú samkvæmt lögum nr. 137/1997. Með þessum lögum voru fjórir skólar sameinaðir í einn, en það voru **Kennaraháskóli Íslands**, áður Kennaraskóli Íslands, sem hafði starfað samkvæmt lögum sem ríkisskóli frá 1907 og sem ríkisháskóli frá 1971, **Fósturskóli Íslands**, sem hafði áður starfað sem ríkisskóli frá árinu 1973, **Íþróttakennaraskóli Íslands** hafði starfað samkvæmt lögum frá Alþingi frá 1942 og **Þroskaþjálfaskóli Íslands**, sem starfaði undir stjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins samkvæmt lögum frá 1971, en var færður undir stjórn menntamálaráðuneytisins árið 1991.

Í Náms- og kennsluskrá fyrir hinn sameinaða Kennaraháskóla Íslands er kveðið á um markmið, inntak og meginviðfangsefni námsins, einnig starfsþjálfun á vettvangi, tilhögun náms, kennsluhætti, námsmat, próftímabil og annað er varðar skipulag námsins. Þar er einnig getið um markmið og skyldur stofnunarinnar sem miðstöðvar á sviðum kennara-, þroskaþjálfara-, íþróttáfræða- og uppeldismentunar og loks að í náminu skuli tvinnast saman fræðilegt nám og nám á væntanlegum starfsvettvangi.

Í meginmarkmiðum náms við Kennaraháskóla Íslands segir meðal annars:

- Sérhver nemandi þarf að kunna vel til verka á starfsvettvangi, vera fær um að útskýra og rökstyðja faglegar aðgerðir sínar og geta lagt mat á eigin aðgerðir í umbótaskyni.
- Fagstéttir byggja starf sitt í ríku mæli á samvinnu og samráði. Nemendur þurfa að vera samvinnufúsir og færir í samskiptum.
- Starfsmenntun byggir bæði á bóklegri og verklegri hefð. Mikilvægt er að Kennaraháskólinn standi vörð um báðar þessar hefðir sem eru grunnur að menningu okkar þar sem bókvit og verksvit eru samofnir þættir og siðvit markar þeim stefnu og viðmið.
- Nemendur þurfa að efla með sér vísýni og umburðarlyndi gagnvart mismunandi skoðunum og lífsviðhorfum. Þeir skulu öðlast þjálfun í að tileinka sér manngildis- og jafnréttishugsjónir þar sem tillit er tekið til mismunandi þjóðernis skjólstaðinga þeirra, menningar, trúarbragða og kynferðis.
- Nemendur Kennaraháskóla Íslands skulu temja sér gagnrýna hugsun og efla með sér sjálfstæða afstöðu til viðfangsefna sinna. Þeir skulu öðlast leikni í að afla upplýsinga, vega þær og meta og nýta í námi og starfi.
- Nemendur skulu efla með sér skilning á gildi íslenskrar tungu og íslenskra menningarverðmæta. Jafnframt ber að forðast þjóðhverfu og hleypidóma gagnvart öðrum þjóðum. Nemendur þurfa að efla leikni sína í því að tjá sig skýrt bæði í mæltu máli og rituðu.
- Upplýsingatækni og margmiðlun gegna veigamiklu hlutverki í samtímanum. Nemendum skal gefinn kostur á að ná tökum á þessari tækni svo þeir verði færir um að beita henni í námi og starfi. Þeir þurfa jafnframt að vera færir um að vega og meta hvernig heppilegast er að nýta hana þannig að tæknin verði verkfæri í höndum þeirra.
- Nemendur í grunndeild skulu fá þjálfun í að vinna einfaldar rannsóknir á vettvangi og öðlast færni í að lesa úr einföldum rannsóknarniðurstöðum. Í framhaldsnámi eru sjálfstæðar athuganir og rannsóknir þungamiðja náms.

(Náms- og kennsluskrá Háskólaárið 2002-2003 bls. 10)

Af þessum megináherslum í námi við Kennaraháskólann má ráða að þess sé vænst að nemandur við skólann læri til verka á starfsvettvangi jafnframt því að efla fræðilega þekkingu sína. Þeir verði færir um að rökstyðja faglegar ákvarðanir sínar, temji sér gagnrýna hugsun, víðsýni og umburðarlyndi, eflist í samskiptum og samvinnu og öðlist leikni í upplýsingaöflun og úrvinnslu, kynnist aðferðum rannsókna og öðlist færni í að lesa úr rannsóknarniðurstöðum. Í menntun kennara og annarra verðandi sérfræðinga í uppeldisvísindum tvinnist saman bókvit, verkvit og siðvit. Mat á slíku námi og árangri þess hlýtur að vera vandasamt og þarf óhjákvæmilega að vera fjölbreytt.

### **Tilgangur námsmats og fyrirkomulag þess**

Í fyrsta kafla Náms- og kennsluskrár Kennaraháskóla Íslands er tilgreindur megintilgangur námsmats við Kennaraháskóla Íslands, þ.e. að veita nemendum upplýsingar um gengi og árangur í námi og örva þá til dáða. Áhersla er lögð á að matið byggist á traustum og fjölþættum gögnum svo tryggja megi eftir föngum að niðurstöður séu réttmætar og framkvæmd tryggji sem mestan áreiðanleika. Einnig er minnt á það hlutverk námsmats að vera vottun skólans um að nemandi hafi tileinkað sér lágmarksþekkingu og færni á tilteknu sviði.

Bent er á mikilvægi þess að markmið séu sett fram með skýrum hætti og útskýrt fyrir nemendum hvað í þeim felist, enda sé námsmat byggt á markmiðum náms í hverju námskeiði. Í námskeiðslýsingum skuli jafnan geta um tilhögun námsmats. Þar er einnig minnt á að námsmat byggist á viðmiðum sem séu fyrst og fremst markbundin, þ.e. þau tiltaki hvaða kröfur eru gerðar um árangur, en viðmiðin geti einnig verið hópmiðuð, þ.e. þau vísi til samanburðar við aðra í hópnum.

Loks er mælt til þess að mat fari fram bæði meðan á námi stendur og við lok hvers skilgreinds námsáfanga. Í fyrra tilvikinu sé mikilvægt að námsmati fylgi upplýsingar um hvað tókst vel og leiðbeiningar um hvað má betur fara. Í síðara tilvikinu sé nauðsynlegt að nemendum sé ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar niðurstöðum námsmats svo þeir geti gert sér grein fyrir áreiðanleika og réttmæti matsniðurstaðna.

### **Nánar um námsmat í Náms- og kennsluskrá**

Við skólann starfa tvær aðskildar deildir, **grunndeild** og **framhaldsdeild**. Í grunndeild er boðið upp á grunnskólakennaranám til B.Ed.-gráðu, íþróttufræðinám til B.S.-gráðu, kennsluréttindanám fyrir faggreinakennara, leikskólakennaranám til B.Ed.-gráðu, nám í tómstunda- og félagsmálafræði til B.A.-gráðu og þroskaþjálfanám til B.A.-gráðu. Við framhaldsdeild er hægt að ljúka námi með þrennum hætti, með formlegri viðurkenningu (Dipl.Ed.), meistarágráðu (M.Ed.) eða doktorsgráðu (Ph.D.).

Námsmat í þessum tveimur deildum og á hinum mismunandi brautum innan þeirra er breytileg og er því lýst í náms- og kennsluskrá fyrir hvert skólaár, bæði almennt og einnig fyrir hvert námskeið. Í *Lögum nr. 136/1997* (6. gr.) um háskóla segir að nemandur, sem hefji nám í háskóla, skuli hafa lokið stúdentsprófi, öðru sambærilegu námi eða búa yfir jafngildum þroska og þekkingu að mati stjórnar viðkomandi háskóla. Tryggja skal að inntökuskilyrði í háskóla og námskröfur svari jafnan til þess sem krafist er í viðurkenndum háskólum á sambærilegu sviði erlendis. Háskólar geta ákveðið sérstök

viðbótarinntökuskilyrði ef þörf gerist, þar á meðal að láta nemendur sem uppfylla framangreind skilyrði gangast undir inntökupróf eða stöðupróf.

Ákveðin viðmið eru samræmd í námsmati og námskröfum við Kennaraháskóla Íslands. Þau helstu eru eftirfarandi. Til að standast hvert einstakt námskeið þarf lágmarkseinkunn 5. Í námskeiðum þar sem námsmat er bæði byggt á prófum og verkefnum þarf lágmarkseinkunn 5 í hvorum þætti fyrir sig. Í námskeiðum sem skipulögð eru í sjálfstæðum þáttum er heimilt að fara fram á að stúdentar standist lágmarkskröfur í hverjum þætti fyrir sig. Einkunnir eru gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0–10. Í einstökum tilvikum lýkur námskeiði með vitnisburðinum lokið/ólókið.

Í Náms- og kennsluskránni segir enn fremur að námsmat geti byggst á skriflegum, munnlegum eða verklegum prófum, ritgerðum og verkefnum. Enn fremur sé heimilt að meta starf í kennslustundum og í þeim námskeiðum sem byggjast á virkri þátttöku nemenda og ekki lýkur með prófi, má gera kröfu um 80% mætingaskyldu. Ef mat á framlagi nemenda í kennslustundum er hluti af námsmati á móti prófi, má sömuleiðis gera kröfu um 80% mætingaskyldu í þeim tímum sem slíkt mat nær til. Ef gerð er krafa um mætingaskyldu, þarf að gera grein fyrir því í kennsluáætlun.

Samkvæmt Náms- og kennsluskrá 2003-2004 er gert ráð fyrir eftirfarandi viðmiðum í námsmati, sér í lagi þar sem beita þarf huglægu mati:

Einkunn	Skriflegar úrlausnir (ritgerðir, skýrslur)	Verklegir þættir (hlutir, smíðisgripir, hönnunarverk)	Færni (frammistaða, flutningur, tjáning, verkleg skil)
<b>9,0–10,00</b>	Verkefnið vel leyst að öllu leyti. Úrlausnir einkennast af frjórri og skapandi hugsun og innsæi. Efnistöð og heimildanotkun mjög góð. Markviss greining og sjálfstæð úrvinnsla. Ítrasta vandvirkni. Framúrskarandi tók.	Mjög vel unnið verk að öllu leyti. Úrlausnir einkennast af frjórri og skapandi hugsun og innsæi. Ítrasta vandvirkni. Framúrskarandi útfærsla.	Leysir viðfangsefnið mjög vel. Sýnir mikið öryggi. Skapandi útfærsla. Afbragðs tækni. Leggur sig fram til hins ítrasta. Frábær frammistaða.
<b>8,0–8,5</b>	Gott verkefni – flestum þáttum gerð ágæt skil. Vel uppbyggt verk. Verkefnið einkennist af gagnrýninni hugsun. Heimildir eru vel nýttar svo og eigin reynsla. Vel unnið verk sem sýnir rökræna túlkun og nokkurt innsæi.	Vel unnið. Góð tók á öllum þáttum. Tækni í góðu lagi. Nokkur frumleiki.	Vel leyst. Örugg tók á öllum færniþáttum.
<b>7,0–7,5</b>	Verkefnið er fyrst og fremst lýsandi en ekki greinandi. Nemandinn leggur lítið af mörkum frá eigin brjósti. Flestum efnisatriðum eru gerð	Nokkuð vel unnið en ekki frumlegt. Tækni í lagi.	Nokkuð vel leyst en herslumun vantar á öryggi.

	fullnægjandi skil. Notkun heimilda og uppbygging í lagi.		
<b>6,0–6,5</b>	Viðunandi verk, en nokkrir þættir gallaðir. Sem dæmi má nefna hnökra í uppbyggingu, samhengi er áfátt, frágangi ábótavant eða galla í heimildanotkun. Sjálfstæð úrvinnsla í lágmarki.	Viðunandi verk en gallað að nokkru leyti.	Viðunandi, en nokkrir hnöktrar. Nokkuð vantar á öryggi.
<b>5,0–5,5</b>	Gallað verk en einhverjum þáttum gerð sæmileg skil.	Gallað verk sem stenst lágmarkskröfur.	Ræður ekki vel við viðfangsefnið en einhver atriði í lagi.
<b>4,0–4,5</b>	Skil í flestum atriðum ófullnægjandi.	Ófullnægjandi verk.	Ófullnægjandi frammistaða.

Próf eru að jafnaði haldin í lok hvers misseris. Stúdentar í staðbundnu námi til B.Ed.-, B.A.- og B.S.-prófs skulu hafa lokið öllum prófum og verkefnum af fyrstu fjórum misserunum áður en þeir hefja nám á 5. misseri. Stúdentar í fjarnámi til B.Ed.-, B.A.- og B.S.-prófs skulu hafa lokið öllum prófum og verkefnum af fyrstu sex misserunum áður en þeir hefja nám á 7. misseri. Forstöðumaður námsbrautar getur veitt undanþágu frá þessari reglu ef gildar ástæður eru fyrir hendi.

Líta ber á skiladag verkefnis á sama hátt og um prófdag væri að ræða. Kennara er ekki skylt að taka við verkefni sem berst eftir tilsettan skiladag. Kennari getur gefið nemanda frest í allt að þrjár vikur ef gildar ástæður eru fyrir hendi. Sé verkefni ekki skilað á réttum tíma skal litið á það á sama hátt og fall á prófi. Stúdentar hafa leyfi til að skila einu sinni aftur verkefni, sem ekki hefur verið metið fullnægjandi, án þess að skrá sig aftur í viðkomandi námskeið. Nemandi sem ekki skilar verkefni eða stenst ekki kröfur á rétt á að skila verkefni í ágúst. Öllu jöfnu er miðað við að nemandi skili nýju verkefni.

Nemandi sem lokið hefur prófi í tilteknu námskeiði með fullnægjandi árangri en kýs að þreyta prófið að nýju hefur rétt til að endurtaka prófið næst þegar það er haldið. Ef námskeiði lýkur með verkefni eða ritgerð og nemandi hefur lokið því með fullnægjandi árangri en kýs að endurtaka verkið skal hann fást við nýtt viðfangsefni. Nýti nemandinn þennan rétt gildir sú einkunn sem hann fær í seinna skiptið.

Skráning í námskeið er jafnframt skráning í lokapróf námskeiðs. Nemandi sem ekki mætir í próf sem hann er skráður í og hefur ekki boðað forföll eða yfirgefur prófstað eftir að próf er byrjað, telst hafa þreytt prófið. Hann getur skráð sig í endurtökupróf sem haldin eru í ágúst.

Stúdentar eiga rétt á að skoða prófurlausnir sínar og fá skýringar á mati hjá viðkomandi umsjónarmanni námskeiðs ef þeir æskja þess innan 15 daga eftir að einkunn hefur verið birt. Sama gildir ef verkefni eða verkleg frammistaða eru grundvöllur að lokamati í námskeiði. Uni nemandi ekki skýringum á mati getur hann farið fram á endurmat enda sendi hann rökstudda greinargerð innan tveggja vikna til forstöðumanns námsbrautar eða

deildarforseta sem metur málið í samráði við viðkomandi kennara. Ef nemandi unir ekki þeim úrskurði getur hann innan tveggja vikna krafist þess að kallaður sé til utanaðkomandi prófdómari og gildir þá úrskurður hans. Ýmis önnur ákvæði er að finna í Náms- og kennsluskrá skólans um námsmat, sem er ekki rúm fyrir hér.

## Úttekt á námsmati við Kennaraháskóla Íslands haustið 2002

Vorið 2002 var skipaður starfshópur við Kennaraháskóla Íslands sem hafði það verkefni að gera stutta úttekt á námsmati við stofnunina. Í starfshópnum sátu Börkur Hansen, Elín Thorarensen, Helga Rut Guðmundsdóttir, Ingibjörg Harðardóttir, Ingvar Sigurgeirsson, Kári Jónsson, Sif Einarsdóttir og Þórdís Þórðardóttir. Verkefni hópsins var að gera úttekt á námsmati um haustið sama ár og leita þannig svara við allmörgum spurningum um próf, próffyrirkomulag, eðli og gerð prófa og verkefna, notkun heimaprófa og einkunnir á þessum tíma. Ástæða er til að áréttu að hér fór einungis fram skoðun á stöðu námsmats á haustmisseri 2002. Engar upplýsingar koma fram um námsmat í námskeiðum sem fram fóru að vori það sama ár og engin trygging er fyrir því að námsmat í námskeiðum haustið 2002 endurspegli námsmat í sömu námskeiðum haustið á undan eða á eftir. Lagt var upp með eftirfarandi spurningar og leiðir við öflun svara:

	<b>Spurningar</b>	<b>Aðferðir</b>
Próf, staða þeirra og fyrirkomulag	Hvert er umfang prófa í námsmati? Hvernig er prófformið? Hvenær eru próf lögð fyrir?	Greining á kennsluáætlunum, upplýsingar frá nemendaskrá.
Eðli og gerð skriflegra prófa	Hvernig eru skrifleg próf byggð upp? Hvers konar prófatriði (spurningar) eru notuð? Hversu langur er próftíminn?	Prófsýnishornum safnað frá prófstjóra og þau greind
Heimapróf	Hver er sérstaða heimaprófa? Prófa þau það sama eða annað en hefðbundin skrifleg próf? Hvert er mat kennara og nemenda á þýðingu og fyrirkomulagi heimaprófa? Hverjir eru kostir og gallar heimaprófa? Hvernig er fyrirkomulag heimaprófa? Hvernig ætti að þróa gerð og framkvæmd heimaprófa?	Viðtöl við kennara sem nota slík próf. Spurningar til nema í spurningalista-könnun.
Munnleg og verkleg próf	Hversu algeng eru munnleg próf? Hversu algeng eru verkleg próf?	Kennsluáætlanir skoðaðar og spurningar til nema
Prófsýningar	Hversu algengt er að nemendur nýti sér þennan rétt?	Spurningalistakönnun meðal nemenda.
Nýting próftíma	Er munur á því hvernig nemendur nýta próftíma	Spurningalistakönnun meðal nemenda
Einkunnir	Er munur á einkunnum eftir deildum og námsbrautum? Er munur á einkunnum eftir árum (t.d. 1.-3. ár)? Er munur á einkunnum eftir því hvernig námsmati er háttað (skrifleg próf, heimapróf, munnleg próf)?	Gögn frá nemendaskrá skoðuð
Eðli og gerð verkefna	Hvers konar verkefni eru lögð fyrir (skrifleg ritgerð, skýrsla, verkleg o.s.frv.)? Hve mörg verkefni eru lögð fyrir í hverju námskeiði? Hvert er hlutfall einstaklingsverkefna? Hópverkefna?	Úrtak verkefna skoðuð og greind. Kennsluáætlanir skoðaðar

# I. Fyrirkomulag námsmats

Efni þessa kafla:

- **Meginuppsprettur upplýsinga**
- **Sú mynd sem innsendar kennsluáætlanir gefa af námsmati við Kennaraháskóla Íslands**
- **Samanburður á fyrirkomulagi námsmats eftir deildum**
- **Samanburður á námsmati eftir brautum**
- **Hlutfallslegt vægi prófa þar sem þau komu fyrir**
- **Megindrættir í niðurstöðum úttektarinnar**

Við öflun upplýsinga um námsmat við Kennaraháskóla Íslands haustið 2002 studdist hópurinn við eftirfarandi gögn:

- a) Upplýsingar frá Nemendaskrá um einkunnir haustið 2002
- b) Kennsluáætlanir sem umsjónarmenn námskeiða skiluðu til birtingar á vef skólans haustið 2002.
- c) Kennsluáætlanir sem ekki var skilað sbr. b) og kallað var sérstaklega eftir.
- d) Náms- og kennsluskrá 2002-2003
- e) Viðtöl við umsjónarmenn námskeiða og fulltrúa brauta og deilda
- f) Sýnishorn frá prófstjóra af 77 prófverkefnum sem lögð voru fyrir haustið 2002
- g) Spurningalista sem lagður var fyrir 137 útskriftarnema af öllum brautum vorið 2002.
- h) Upplýsingum um einkunnir í kennaradeild Háskólans á Akureyri haustið 2002.

Rétt er að áréttta að hópurinn skipti með sér verkum við öflun og úrvinnslu gagna og ekki var lögð megináhersla á samræmingu. Því má líta á þessa skýrslu sem safn sjálfstæðra en tengdra athugana. Í upphafi hvers kafla er leitast við að gera grein fyrir þeim gögnum sem stuðst var við hverju sinni.

Fyrsta verk hópsins var að leitast við að fá heildarmynd af námsmati við skólann eins og hana mátti ráða með því að skoða þær kennsluáætlanir sem aðgengilegar voru á vef skólans haustið 2002. Alls voru skoðaðar 158 kennsluáætlanir, þ.e. 58% þeirra 274 námskeiða sem kennd voru á haustmisseri 2002 samkvæmt upplýsingum frá Nemendaskrá.

Tafla 1.1 – Fjöldi kennsluáætlana sem skoðaðar voru, flokkaður eftir deildum og brautum

	Heildarfjöldi námskeiða á haustmisseri 2002	Kennsluáætlanir sem skoðaðar voru	%
Framhaldsdeild	20	18	90
Grunnskólabraut	122	75	61
Íþróttabraut	24	17	71
Kennsluréttindánám	11	4	36
Leikskólabraut	57	30	53
Tómstundabraut	7	3	43

Þroskaþjálfabraut	33*	11	33
Samtals	274	158	58

Byggt á innsendum kennsluáætlunum og vefupplýsingum um námskeið.

\*Sama kennsluáætlun gildir fyrir fjar- og staðnám á 1. og 2. ári

Rétt er að taka fram að í þeim 274 námskeiðum sem tiltekin eru á haustmisseri eru talin með vettvangsnám og lesnámskeið, en hvorugt var haft með í heildargreiningu. Í raun eru því heimtur talsvert betri en hlutfallið 58% gefur til kynna. Þá sýnir það þessar tölur að nokkur námskeið voru kennd sameiginlega í stað- og fjarnámi og sameiginlegri kennsluáætlun skilað fyrir þau. Í töflu 1.1 má sjá fjölda kennsluáætlana sem skoðaðar voru eftir brautum.

Algengasta fyrirkomulag námsmats er að byggt er bæði á prófum og verkefnum. Tvö námskeið byggja námsmat á prófum eingöngu, en á 80 námskeiðum er námsmatið byggt eingöngu á verkefnum. Sjaldgæft er því að byggt sé á prófum einum saman. Að vísu komu í ljós sex námskeið til viðbótar þar sem námsmat byggðist einvörðungu á prófum, þegar farið var að kalla eftir kennsluáætlunum. Svipaður fjöldi námskeiða byggir á prófum og verkefnum saman annars vegar (74 eða 46,8%) og á verkefnum eingöngu hins vegar (80 eða 50,6%). Upplýsingar vantaði um þetta úr tveimur námskeiðum (1,3%), sjá töflu 1.2.

*Tafla 1.2. Algengasta fyrirkomulag námsmats er verkefni eingöngu eða samsetning prófa og verkefna eins og það varð ráðið af kennsluáætlunum sem skilað var til birtingar á vef skólans haustið 2002.*

Próf eingöngu	Próf og verkefni	Verkefni eingöngu	Upplýsingar vantar
2 (1,3%)	74 (46,8%)	80 (50,6%)	2 (1,3%)

Byggt á innsendum kennsluáætlunum og vefupplýsingum um námskeið.

Sá munur reyndist vera á framhaldsdeild og grunndeild (grunnskólabraut, íþróttabraut, kennsluréttindabraut, leikskólabraut, tólmstundabraut og þroskaþjálfabraut) að í framhaldsdeild eru próf nánast ekki notuð, en í rúmum helmingi námskeiða í grunndeild eru próf viðhöfð að meira eða minna leyti. Ef litið er á kennsluáætlanirnar í heild kemur í ljós að fjöldi námskeiða, er byggja námsmat á verkefnum eingöngu, er mestur eða um 46% í grunndeild og 83% í framhaldsdeild, sjá töflu 1.3.

*Tafla 1.3. Samanburður eftir deildum á vægi prófa og verkefna í námsmati*

Deild	Fjöldi námskeiða	Próf eingöngu	Próf og verkefni	Verkefni eingöngu	Upplýsingar vantar
Grunndeild	140	2 (1,4%)	71 (50,7%)	65 (46,4%)	2 (1,4%)
Framhaldsdeild	18	0 (0%)	3 (16,7%)	15 (83,3%)	0 (0%)

Byggt á innsendum kennsluáætlunum og vefupplýsingum um námskeið.

Munur er á fyrirkomulagi námsmats eftir brautum innan grunndeildar. Á öllum brautum koma fyrir allmörg námskeið þar sem námsmatið byggist á verkefnum eingöngu (minnst

þó 35% á íþróttabraut - mest 67% á tómstundabraut) eða verkefnum og prófum (minnst 33% á tómstundabraut - mest 100% á kennsluréttindabraut). Í tveimur námskeiðum á þroskaþjálfabraut er eingöngu byggt á prófum. Einnig skal minnt á að próffyrirlögn er stundum í formi heimaprófa, sem líkjast ekki síður skriflegum verkefnum en formlegum prófum. Nokkur munur var á því hversu margra kennsluáætla tókst að afla. Til dæmis voru einungis skoðaðar 4 kennsluáætlanir af 11 á kennsluréttindabraut og um helmingur kennsluáætla fyrir þau 57 námskeið sem kennd voru á leikskólabraut haustið 2002. Tafla 1.4 sýnir mun á brautum í grunndeild.

Tafla 1.4. Vægi prófa og verkefna í námsmati - Samanburður eftir brautum innan grunndeildar

Deild	Fjöldi námskeiða	Próf eingöngu	Próf og verkefni	Verkefni eingöngu	Upplýsingar vantar
Grunnskólabraut	75	0 (0%)	37 (49,3%)	37 (49,3%)	1 (1,3%)
Íþróttabraut	17	0 (0%)	11 (64,7%)	6 (35,3)	
Kennsluréttindanáms	4	0 (0%)	4 (100%)	0 (0%)	
Leikskólabraut	30	0 (0%)	13 (43,3%)	16 (53,3%)	1 (3,3%)
Tómstundabraut	3	0 (0%)	1 (33,3%)	2 (66,6%)	
Þroskaþjálfabraut	11	2 (18,2%)	5 (45,5%)	4 (36,4%)	

Byggt á innsendum kennsluáætlunum og vefupplýsingum um námskeið.

Eins og komið hefur fram hér á undan, þá er námsmat í meginatriðum með tvennum hætti á námskeiðum við Kennaraháskóla Íslands. Annars vegar byggir það á verkefnum eingöngu eða það byggir á blöndu prófa og verkefna. Vægi prófa reyndist að jafnaði talsvert meira en verkefna eða samkvæmt vegnu meðaltali um 68% af heildarmati. Ef námskeiðum, sem hafa próf og verkefni, er skipt í þrjá flokka með tilliti til vægis prófa má hugsa sér skiptinguna þannig:

Hlutfall prófa í námsmati	Fjöldi námskeiða	Hlutfall námskeiða
20-49%	12	16%
50-69%	28	37%
70 eða meira	35	47%

## Námsmat við Kennaraháskóla Íslands – Samantekt

- Tvenns konar fyrirkomulag námsmats er algengast á námskeiðum við Kennaraháskólann. Annars vegar eru námskeið sem byggjast á prófi og verkefnum saman, en hins vegar eru námskeið, þar sem einvörðungu er byggt á verkefnum. Þetta tvennt er álíka algengt.
- Námsmat í framhaldsdeild byggir oftast á verkefnum einum saman.



- Þegar námsmat er byggt á prófum og verkefnum er algengast að próf vegi þyngra en verkefni.

## II. Hefðbundin próf

Efni þessa kafla:

- Námskeið sem lýkur með prófi
- Hvers konar próf?
- Eðli og gerð skriflegra prófa

### 2.1. Námskeið sem lýkur með prófi

Eins og fram kemur í kafla 1, þá voru skoðaðar 158 kennsluáætlanir og vægi prófa og verkefna skoðuð. Í þessum kafla er litið á fjölda námskeiða sem lýkur með prófi samkvæmt upplýsingum í Náms- og kennsluskrá, frá Nemendaskrá, frá prófstjóra og frá fulltrúm brauta og deilda.

Hefðbundin próf eru hér skilgreind sem lokapróf í námskeiði, þar sem nemendur mæta á prófstað og taka próf undir stjórn prófstjóra. Í töflu 2.1 má sjá yfirlit yfir fjölda námskeiða samkvæmt framangreindum upplýsingum.

Tafla 2.1. Hefðbundin próf haustið 2002

	Fjöldi námskeiða sem voru kennd á misserinu	Fjöldi námskeiða í Náms- og kennsluskrá sem skráð eru með prófi	Fjöldi námskeiða þar sem próf er tilgreint í Náms- og kennsluskrá en ekki á próftöflu
Grunnskólabraut			
-Staðnám	19	9	2
-Fjarnám	12	9	4
-Kjörsvið (stað og fjar)	91	27	8
Íþróttabraut			
-Staðnám	21	17	2
-Fjarnám, 30 e viðbót	3	0	0
Tómstundabraut	7	2	0
Kennsluréttindabraut			
-Stað og fjarnám	11	5	0
Leikskólabraut			
-Staðnám	25	6	0
-Fjarnám	24	6	2
-Leikskólafræði (diplomanám)	8	3	1
Proskapjálfabraut			
-Stað og fjarnám	33	13	0
Framhaldsdeild	20	4	1*
Samtals	274	56	20

Heimildir: Náms- og kennsluskrá, nemendaskrá, prófstjóri og fulltrúar brauta og deilda

\*Í einu námskeiði var próf fellt niður og breytt í verkefni.

Á töflu 2.1 sést greinilega að mörgum námskeiðum lýkur ekki með hefðbundnum prófum. Haustið 2002 voru t.d. 122 námskeið samtals kennd á grunnskólabraut og 45 þeirra eða 37% lýkur með hefðbundnum prófum samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum í Náms- og kennsluskrá. Þegar litið var á próftöflu kom reyndar í ljós að 14 þeirra komu ekki fram þar (sjá töflu 2.1) og forstöðumaður grunnskólabrautar segir það verða æ algengara að námskeiðum ljúki með öðrum hætti en hefðbundnum prófum og dæmi séu um kjörsvið þar sem sárafaum námskeiðum ljúki með prófum. Hlutfall prófa er 71% á íþróttabraut, 26% á leikskólabraut, 39% á þroskaþjálfabraut, 45% á kennsluréttindabraut og 20% í framhaldsdeild. Á íþróttabraut er hlutfall námskeiða er lýkur með prófum langhæst, svo segja má að sú braut hafi sérstöðu hvað þetta snertir.

Í nokkrum tilvikum kemur það fyrir að próf rati ekki inn á próftöflu þrátt fyrir að það komi fram í kennsluskrá (sjá síðasta dálk í töflu 2.1). Enginn afgerandi munur kemur fram milli brauta hvað þetta snertir. Þessi fjöldi er þó mestur á grunnskólabraut, þ.e. í 11% námskeiða sem lýst er í Náms- og kennsluskrá. Forstöðumaður grunnskólabrautar telur að nokkuð sé um að kennarar verði við óskum nemenda um breytingar í þessum eignum eftir að námskeið hefjast og dæmi séu um að kennarar breyti fyrirhuguðu prófi í verkefni eða heimapróf. Forstöðumaður íþróttabrautar bendir á að nokkuð sé um að próf séu ekki sett á próftöflu þar, en þá sé einkum um verkleg próf að ræða í einstökum námsþáttum. Í töflunni sé miðað við lokapróf.

Reyndin er með öðrum orðum sú, að minnihluti námskeiða er skilgreindur með lokaprófi í Náms- og kennsluskrá. Íþróttabraut hefur þó sérstöðu í þeim eignum með talvert herra hlutfall námskeiða, er lýkur með prófi, en aðrar brautir. Dæmi eru um að horfið sé frá hefðbundnum prófum og verkefni eða heimapróf viðhöfð í þeirra stað.

## 2.2 Ólíkar gerðir prófa

Hér á undan voru hefðbundin próf skilgreind sem lokapróf í námskeiði, þar sem nemendur mættu á prófstað og þreyttu próf undir stjórn prófstjóra. Þau geta verið skrifleg, munnleg eða verkleg, en heimapróf eru flokkuð sérstaklega. Borinn var saman fjöldi skriflegra, munnlegra og verklegra prófa á þeim námskeiðum sem kennsluáætlanir fengust frá, einnig heimaprófa. Í töflu 1.2 kom fram að námsmat í 74 námskeiðum hafi byggst bæði á prófum og verkefnum samkvæmt innsendum kennsluáætlunum. Í töflu 2.2 má sjá hvernig fyrirkomulag prófanna er.

Tafla 2.2. Samanburður á prófgerðum í námskeiðum sem lýkur með prófum og verkefnum.

Fjöldi prófa sem upplýsingar fengust um	Skrifleg próf	Heimapróf	Munnleg próf	Verkleg próf
74	62 (83,8%)	5 (6,8%)	5 (6,8%)	2 (2,7%)

Hafa þarf í huga að upplýsingar vantaði um próffyrirkomulag á fimm námskeiðum og að á einhverjum námskeiðum komu fyrir tvö konar próf. Áréttað skal að stundum gat það

orkað tvímælis hvort væri að ræða próf eða verkefni. Sem dæmi má nefna námskeið sem lýkur með tónleikum. Spyrja má hvort tónleikarnir teljist verkefni eða verklegt próf. En þrátt fyrir allt er ljóst að munnleg og verkleg próf skipa lítinn sess; megináhersla er á skrifleg próf, sem lögð eru fyrir á fyrirfram ákveðnum stað og tíma og í umsjá prófstjóra.

### 2.3 Eðli og gerð skriflegra prófa

Hér á undan var rætt um fyrirkomulag prófa og mismunandi prófaðferðir, þ.e. hefðbundin skrifleg próf, verkleg próf, munnleg próf og heimapróf. Af skriflegum prófum bárust til prófstjóra 77 próf, mismunandi að gerð, sem lögð voru fyrir nemendum Kennaraháskóla Íslands á haustmisseri 2002. Fjöldi prófanna dreifðist milli brauta og á milli staðnáms og fjarnáms eins og sést á töflu 2.3.

Tafla 2.3. Fjöldi prófa sem bárust til prófstjóra á haustmisseri 2002.


Brautir	Staðnám	Fjarnám	Alls
Grunnskólabraut	19	15	34
Leikskólabraut	6	7	13
Þroskaþjálfabraut	10	6	16
Íþróttabraut	10	0	10
Kennsluréttindi	3	1	4
<b>Samtals</b>	<b>48</b>	<b>29</b>	<b>77</b>

Eitt próf barst til prófstjóra frá framhaldsdeild, en það var ekki inntaksgreint.

Spurningarnar í þessum 77 prófum voru af ýmsum gerðum og vægi fjölvalsformsins annars vegar og ritgerðaformsins hins vegar misjafnt eftir greinum og brautum sem eðlilegt er. Prófverkefni sem kröfðust stuttra svara (*stuttar ritgerðaspurningar* með vægi <15%) komu fyrir í 74% prófanna, prófverkefni sem kröfðust lengri svara (*lengri ritgerðaspurningar* með vægi ≥15%) komu fyrir í 68%, *fjölvalsspurningar* í 58% og *pörunarspurningar* komu fyrir í 13% prófanna. Prófverkefni af gerðinni *útreikningar* komu fyrir í 23% prófanna og prófverkefni af gerðinni *dæmi* í 4%.

Á mynd 2.1 er sýndur fjöldi prófa af 77 sem innihéldu hverja spurningagerð í eftirfarandi röð: *Stuttar ritgerðaspurningar*, *lengri ritgerðaspurningar*, *útreikningar*, *dæmi*, *fjölvalsspurningar* og *pörunarspurningar*. Spurningagerðirnar *útreikningar* og *dæmi* koma úr prófum í aðferðafræði og stærðfræði og eru eðlilega nokkuð frábrugðnar spurningum úr hefðbundnum félagsvísindagreinum og kennslufræðum. Þegar hér er rætt um *útreikninga* er átt við dæmi sem próftakar eiga að reikna og finna niðurstöðu. Spurningagerðin *dæmi* er frábrugðin spurningagerðinni *útreikningum* að því leyti að próftakar eru beðnir að búa sjálfir til dæmi og reikna út úr þeim. Í *stuttum ritgerðaspurningum* er átt við prófverkefni sem hafa vægi upp að 15% og í *lengri ritgerðarspurningum* eru spurningar sem hafa meira en 15% vægi. Annað ætti að skýra sig sjálf.

Mynd 2.1. Spurningagerðir á skriflegum prófum



Heimildir: Prófsýnishorn frá prófstjóra

Prófin 77 voru öll lögð fyrir í grunndeild, 34 á grunnskólabraut, 13 á leikskólabraut, 16 á þroskaþjálfabraut, 10 á íþróttabraut og 4 á kennsluréttindabraut. Gerðir prófspurninga reyndust nokkuð breytilegar eftir brautum. Til þess að fá sem skýrasta mynd af þessum mun var reiknað út meðalgildi spurningagerða innan hversrar brautar. Þannig var unnt að jafna út mismuninn sem skapast þar sem fjöldi skoðaðra prófa var misjafn eftir brautum. Í prófsýnishornum frá haustinu 2002 skipuðu stuttar ritgerðaspurningar og lengri ritgerðaspurningar stærstan sess. Sjáanlegur munur var á brautum hvað þetta varðaði sem skýrist líklega af því að mismunandi hefðir við prófagerð ríki á hinum mismunandi brautum.

Á íþróttabraut hafa stuttar ritgerðaspurningar langmest vægi, allnokkru meira en á hinum brautunum. Á þroskaþjálfabraut er meiri áhersla lögð á fjölvalsspurningar en á hinum brautunum og lengri ritgerðaspurningar skipa stærstan sess á kennsluréttindabraut. Hins vegar er hlutfall útreikningaverkefna mun hærra á grunnskólabraut en á öðrum brautum. Þörunarspurningar eru fáar á öllum brautum. Dæmi voru sárafá, enda kemur sú gerð prófverkefna eingöngu fyrir í stærðfræðiprófum. Sjá nánar töflu 2.4.

Tafla 2.4. Meðalvægi spurningagerða í skriflegum prófum eftir brautum, haust 2002.

	Stuttar ritgerða- spurningar Vægi <15%	Lengri ritgerða- spurningar Vægi ≥15%	Útreikn- ingar	Dæmi	Fjölvals- spurningar	Pörunar- spurning- ar
Grunnskólabraut	41,02	24,26	25,23	0,50	8,79	0,23
Leikskólabraut	29,23	29,23	6,61	1,30	10,38	0,00
Þroskaþjálfabraut	31,50	19,86	1,00	0,00	19,86	5,18
Íþróttabraut	69,90	11,00	3,00	0,60	14,40	1,90
Kennsluréttindabraut	23,00	57,50	11,00	0,00	9,50	1,25
<i>Heildarmeðaltal</i>	<b>32,24</b>	<b>35,54</b>	<b>13,42</b>	<b>0,51</b>	<b>17,33</b>	<b>1,49</b>

Heimildir: Prófsýnishorn frá prófstjóra

Einnig var reiknað út meðalvægi spurningagerða í staðnámi annars vegar og fjarnámi hins vegar, sjá töflu 2.5.

Tafla 2.5. Meðalvægi spurningagerða í skriflegum prófum í staðnámi og fjarnámi haustið 2002.

	Stuttar ritgerða- spurningar Vægi <15%	Lengri ritgerða- spurningar Vægi ≥15%	Útreikn- ingar	Dæmi	Fjölvals- spurningar	Pörunar- spurning- ar
Staðnám	38,97	33,47	13,79	0,47	12,58	1,20
Fjarnám	41,34	33,65	12,82	0,58	10,57	1,96
<i>Heildarmeðaltal</i>	<b>32,24</b>	<b>33,54</b>	<b>13,42</b>	<b>0,51</b>	<b>11,90</b>	<b>1,49</b>

Heimildir: Prófsýnishorn frá prófstjóra

Eins og sjá má á töflu 2.5 er ekki mikill munur á gerðum prófa eftir því hvort þau eru lögð fyrir í staðnámi eða fjarnámi. Líkleg skýring er að eðli námsgreinar ráði meiru um uppbyggingu prófs en það hvort hún er kennd í fjarnámi eða staðnámi, enda reyndist það koma fyrir að sömu prófin væru lögð fyrir í staðnámi og í fjarnámi.

Við greiningu á prófunum var hannaður greiningarlykill úr hugtökum sem finna mátti úr prófunum sjálfum. Skilgreindir voru þrjár spurningaflokkar eftir því hvort spurningar reyndu á þekkingu, kunnáttu eða viðhorf próftaka:

1. Staðreyndaspurningar
2. Spurningar sem reyndu á skilning og beitingu
3. Viðhorfaspurningar sem reyndu á röksemdafærslur byggðar á vitneskju og kunnáttu.

Við flokkunina var haft að leiðarljósi að *staðreyndaspurningar* skyldu endurspegla vitneskju (e. *declarative knowledge*) próftakenda. Prófverkefni af gerðunum *beiting* og *skilningur* skyldu endurspegla kunnáttu (e. *procedural knowledge*) þeirra. Þegar horft var


á þriðja flokkinn, viðhorfaspurningar, var gert ráð fyrir færni sem endurspeglaði vald próftaka á viðfangsefninu og afstöðu. Í töflu 2.6. má sjá skýringar á greiningarlyklinum sem varð til við inntaksgreininguna.

Tafla 2.6. Greiningarlykill sem notaður var við flokkun prófatriða.

Staðreyndir (vitneskja).	Skilningur og beiting (kunnátta)	Viðhorf (vitneskja og kunnátta)
Spurt beint um tiltekna fræðimenn og verk þeirra.	Spurt um hvernig e-ð leiðir af öðru.	Spurt hvort próftaki sé sammála eða ósammála ákveðnum fullyrðingum og hann beðinn að færa rök fyrir skoðun sinni
Beðið um að greina frá e-u afmörkuðu. Dæmi: Endorfin er => eitt rétt svar.	Spurt um hvernig áhrif e-ð tiltekið hafi.	Beðið um að lýsa fyrirbærum með dæmum og rökstuðningi.
Beðið um að nefna dæmi og útskýra	Spurt um hvaða þættir hafi áhrif á tiltekið efni.	Beðið um að leggja mat á fyrirbæri eða atvik og rökstyðja matið.
Spurt beint um inntak afmarkaðra kenninga, þátta eða kerfa.	Beðið um að velja eftir mikilvægi.	
Beðið um að skilgreina hugtök.	Beðið um að greina frá því sem best á við um kenningar, þætti og kerfi.	
	Beðið um að lýsa aðgerðum og fyrirbærum.	
	Beðið um að velja milli aðferða.	
	Beðið um að bera saman og greina á milli.	
	Beðið um að leiða út formúlur og sanna þær.	
	Beðið um að leggja mat á fyrirbæri eða atvik og rökstyðja matið.	
	Beðið um að sýna rökstuddan samanburð á kenningum.	
	Beðið um að mynda sér skoðun á fyrirbærum og rökstyðja skoðunina	

Prófspurningarnar í þeim 77 prófum sem greind voru dreifðust á þessa þrjá flokka eins og sést á mynd 2.1.

Mynd 2.2. Hlutfallsleg dreifing prófatriða eftir eðli spurninga samkvæmt greiningarlykli í töflu 2.6.



Eins og sést á mynd 2.2 var lögð megináhersla á staðreyndir í prófum við Kennaraháskóla Íslands haustið 2002. Nærri helmingur allra prófspurninganna reynir á staðreyndapekkingu. Minnst áhersla er lögð á að próftakar leggi mat á hugmyndir eða svari með því að beita fræðilegum rökum sem endurspeglar fagleg og fræðileg viðhorf. Um 14% prófatriða í prófum við Kennaraháskóla Íslands haustið 2002 voru úr þeim flokki. Þessi skipting var misjöfn milli brauta en þar var einnig reiknað meðalvægi til að leiðrétta mismunandi stærð brautanna. Skiptingin er eins og sést í töflu 2.7.

Tafla 2.7. Hlutfallslegt vægi spurningaflokka eftir brautum haustið 2002

	N	Staðreyndir	Skilningur/beiting	Viðhorf
<b>Grunnskólabraut</b>	34	33,2%	52,2%	14,6%
<b>Leikskólabraut</b>	13	45,2%	32,3%	22,5%
<b>Þroskaþjálfabraut</b>	16	64,9%	28,1%	7,0%
<b>Íþróttabraut</b>	10	64,3%	21,5%	14,2%
<b>Kennsluréttindabraut</b>	4	45,5%	36,4%	18,1%
<b>Samtals</b>	<b>77</b>	<b>47,8%</b>	<b>38,0%</b>	<b>14,2%</b>

Heimildir: Prófsýnishorn frá prófstjóra

Eins og sést á töflu 5 er nokkur munur á milli brauta varðandi spurningagerð á prófum í Kennaraháskólanum haustið 2002. Til dæmis skera bæði íþróttabrautin og þroskaþjálfabrautin sig úr með meiri áherslu á staðreyndir í prófspurningum en hinar brautirnar. Á grunnskólabraut er lögð meiri áhersla á skilning, beitingu og staðreyndir en á hinum brautunum, en leikskólakennarabrautin leggur meiri áherslu á rökstuðning, sem kallar á fagleg og fræðileg viðhorf, en hinar brautirnar.

Í töflu 2.8 sést þessi dreifing annars vegar í staðnámi og hins vegar í fjarnámi.

Tafla 2.8. Hlutfallslegt vægi spurningaflokka í staðnámi og fjarnámi haustið 2002

	Staðreyndir	Skilningur/beiting	Viðhorf
<b>Staðnám</b>	49,7%	35,2%	15,1%
<b>Fjarnám</b>	44,7%	42,6%	12,7%
<b>Samtals</b>	<b>47,8%</b>	<b>38,0%</b>	<b>14,2%</b>

Heimildir: Prófsýnishorn frá prófstjóra

Eins og sést á töflu 2.8 er ekki mikill munur á spurningaflokkum eftir því hvort prófin eru í staðnámi eða fjarnámi. Þó er nokkur munur á spurningum sem krefjast vitneskju og kunnáttu og meira lagt upp úr slíkum spurningum í fjarnámi en staðnámi.

## Hefðbundin próf – Samantekt

- Í Náms- og kennsluskrá 2002 er getið um próf í 56 námskeiðum af þeim 274 námskeiðum sem þar er lýst.
- Athygli vekur að próf, sem tiltekin eru í Náms- og kennsluskrá eða kennsluáætlunum, rata ekki alltaf inn á próftöflu í lok misseris.



- Samkvæmt upplýsingum í Náms- og kennsluskrá lýkur 37% námskeiða á grunnskólabraut með hefðbundnum prófum, 71% námskeiða á íþróttabraut, 26% á leikskólabraut, 39% á þroskaþjálfabraut, 45% á kennsluréttindabraut og 20% í framhaldsdeild.
- Á undanförunum misserum hefur námskeiðum á grunnskólabraut fækkað sem lýkur með hefðbundnum prófum
- Dæmi eru um kjörsvið þar sem sárafaum námskeiðum lýkur með prófum.
- Við inntaksgreiningu á prófum, sem skilað var til prófstjóra á haustmisseri 2002, voru prófverkefni af gerðinni *stuttar ritgerðaspurningar* eða *stutt svör* (57 af 77 prófum), *lengri ritgerðaspurningar* (52 af 77 prófum) og *fjölvalsþurningar* (45 af 77 prófum) ráðandi.
- Af greiningu á þessum 77 prófum sést að megináherslan er á staðreyndaspurningar og minnst áhersla er lögð á að nemar leggi mat á hugmyndir eða setji fram rökstudd viðhorf byggð á vitneskju og kunnáttu.
- Ekki var athugað sérstaklega hve stór hluti þessara prófa var lagður fyrir nemendur sem voru að hefja nám en þar gæti verið eðlilegra að leggja meiri áherslu á staðreyndir en viðhorf að minnsta kosti ef gengið er út frá því að sérfræðipekking starfsstétta og fagviðhorf verði til í gegnum þekkingu sem fæst með bóknámi og þjálfun í að beita þekkingunni.
- Vænta má að prófverkefni á háskólastigi innihaldi ögrandi spurningar þar sem nemendur þurfi að sýna að þeir hafi vald á því efni sem þeim hefur verið ætlað að tileinka sér til prófs. Sum þessara prófa uppfylla það skilyrði að hluta til eða að öllu leyti, en í mörgum tilvikum vantar svolítið þar á.

# III. Heimapróf

---

Efni þessa kafla:

- Þáttur heimaprófa í námsmati
- Reynsla af heimaprófum og viðhorf til þeirra meðal kennara
- Samantekt um heimapróf

## 3.1 Heimapróf samkvæmt kennsluskrá og próftöflu

Heimapróf eru hér skilgreind sem formleg próf sem nemendur taka utan skólans, án yfirsetu eða eftirlits af nokkru tagi, heima hjá sér eða annars staðar, til dæmis á vinnustað. Í Náms- og kennsluskrá 2002-2003 er fjallað um heimapróf, að vísu ekki mjög ítarlega. Til dæmis er ekki tilgreint við hvaða tækifæri hentar að nota heimapróf fremur en annars konar próf og ekki getið um hámarkstímalengd. Þar segir:

1. Kennari afhendir eða sendir öllum stúdentum prófið á sama tíma og þeir staðfesta að þeir hafi fengið það í hendur.
2. Stúdentar fá fyrirfram ákveðinn tíma til að leysa prófið og skila því allir á sama degi.
3. Ekki er hægt að fá frest til að skila úrlausnum.

Ekki má vikja frá reglum þessum nema með samþykki deildarráða.

Bls. 22

Í töflu 2.1 var sett fram yfirlit yfir hefðbundin próf eftir brautum. Í töflu 3.1 má sjá yfirlit yfir heildarfjölda námskeiða haustið 2002 og hver þeirra eru skráð með heimapróf, flokkað eftir námsbrautum.

Á töflu 3.1 sést greinilega að heimapróf virðist ekki algengt próffyrirkomulag, hvorki í staðnámi né fjarnámi. Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofustjóra kennsluskrifstofu og forstöðumanni grunnskólabrautar er talsvert um það að kennarar tilgreini ekki í kennsluskrá að um heimapróf sé að ræða í námskeiðum en líklega fer notkun heimaprófa vaxandi. Þau benda jafnframt á að kennarar noti e.t.v. heimapróf án þess að upplýsingar um það liggi fyrir hjá prófstjóra eða forstöðumönnum námsbrauta. Þá segir prófstjóri að hann hafi ekki lagt sérstaka áherslu á að halda utan um heimapróf eða hafa áhrif á fyrirkomulag þeirra. Haustmiseri 2002, sem rannsóknarhópurinn ákvað að einbeita sér að, gefur því líklega ekki nákvæma mynd af notkun heimaprófa.

Þáttur heimaprófa er tilgreindur í þremur dálkum í töflu 3.1. Fyrst er tilgreindur fjöldi námskeiða þar sem getið er um heimapróf í Náms- og kennsluskrá. Næst er tilgreindur fjöldi námskeiða með heimaprófi samkvæmt próftöflu í lok misseris. Loks er getið um fjölda námskeiða þar sem getið er um heimapróf í Náms- og kennsluskrá, en ekki á próftöflu. Eins og sést á töflunni er getið um samtals fimm heimapróf í Náms- og kennsluskrá haustið 2002. Af þeim koma tvö ekki fram á próftöflu. Samt koma samtals 10 heimapróf fram á próftöflu.

Tafla 3.1. Námskeið og heimapróf haustið 2002, flokkað eftir námsbrautum.

	Fjöldi námskeiða sem voru kennd á misserinu	Fjöldi námskeiða þar sem er tilgreint að um heimapróf sé að ræða	Fjöldi námskeiða með heimaprófi á próftöflu	Fjöldi námsk. með heimaprófi í Náms- og kennsluskrá en ekki á próftöflu
Grunnskólabraut				
-Staðnám	19	0	0	0
-Fjarnám	12	1	0	1
-Kjörsvið (stað og fjar)	91	0	1	0
Íþróttabraut				
-Staðnám	21	0	0	0
-Fjarnám, 30e viðbót	3	2	2	0
Tómstundabraut	7	?	?	?
Kennsluréttindabraut				
-Stað og fjarnám	11	0	0	0
Leikskólabraut				
-Staðnám	25	1	1	1
-Fjarnám	24	0	1	0
-Leikskólafraeði (diplomanám)	8	0	2	0
Proskapjálfabraut				
-Stað og fjarnám	33	0	1	0
Framhaldsdeild	20	1	2**	0
Samtals	274	5	10	2

Heimildir: Náms- og kennsluskrá, kennsluáætlanir og próftafla hjá prófstjóra  
 \*\*Fyrirhugað var að hafa próf í viðkomandi námskeiðum en þeim breytt í heimapróf og þau lögð fyrir af kennurum námskeiða. Þessi próf voru ekki sett á próftöflu.

### 3.2 Reynsla af heimaprófum og viðhorf til þeirra


Viðhorf til heimaprófa voru könnuð með tvennum hætti. Annars vegar voru tekin viðtöl við kennara sem reynslu höfðu af heimaprófum og hins vegar fylgdu spurningar með í spurningalista sem lagður var fyrir útskriftarnemendur. Hér verður gerð grein fyrir niðurstöðum viðtalanna við kennarana, en viðhorf útskriftarnema koma fram í 6. kafla. Til að afla upplýsinga um reynslu kennara af heimaprófum var send út tilkynning á starfsmannapóstlista skólans, [augl@khi.is](mailto:augl@khi.is), og þeir kennarar beðnir um að láta vita af sér sem höfðu reynslu af þessu fyrirkomulagi. Viðtöl voru tekin við alla kennara sem vitneskja barst um að hefðu reynslu af að leggja fyrir heimapróf. Samtals var rætt við 22 kennara.

Útbúinn var viðtalslisti sem var hafður til hliðsjónar í viðtölunum en þau voru að mestu tekin með stuttum símafundi. Hér á eftir er gerð grein fyrir því helsta sem fram kom í viðtölunum. Athugið að svör kennarana afmörkuðust ekki eingöngu við haustmiserið 2002 heldur greindu þeir frá reynslu sinni almennt af þessu fyrirkomulagi.

#### ***Hefur þú reynslu af heimaprófum?***

Allir þeir sem rætt var við höfðu nokkra reynslu af heimaprófum, allt frá því að hafa notað heimapróf einu sinni fyrir afmarkaðan þátt á námskeiði yfir í að nota heimapróf oft.

Mynd 3.1. Reynsla 22 kennara af því að nota heimapróf




Ljóst er að ákveðinn hópur kennara við Kennaraháskóla Íslands notar þetta próffyrirkomulag nokkuð mikið, en notkun heimaprófa er nýlunda hjá 9 af þeim 22 kennurum sem gáfu sig fram, þ.e. þeir hafa notað þau einu sinni eða tvisvar. Þar sem einungis 22 kennarar gáfu sig fram má ljóst vera að talsverður hópur kennara við skólann hafi enga reynslu af þessu fyrirkomulagi. Af þessum 22 kennurum sem rætt var við höfðu fjórir kennt námskeið í framhaldsdeild, en 18 í grunndeild.

#### ***Hvenær á misserinu eru heimapróf lögð fyrir?***

Heimapróf eru að jafnaði lögð fyrir við lok misseris eins og hefðbundin skrifleg próf. Þó kom það fram í viðtölunum að þau eru í nokkrum tilvikum lögð fyrir utan hefðbundins prófatíma.

Mynd 3.2. Tímasetning heimaprófa



Samkvæmt þessum upplýsingum virðist sem fáir noti heimapróf á miðju kennslutímabili til að prófa úr afmörkuðum námsþáttum, t.d. við lok námslotu, þótt það liggi beint við sem liður í leiðsagnarmati.


### ***Hvert er vægi heimaprófa sem hluti af námsmati námskeiðs?***

Einn megintilgangur námsmats er vottun skólans um að nemandi hafi tileinkað sér lágmarksþekkingu og færni á tilteknu sviði (Náms- og kennsluskrá, bls. 11). Í þeim tilgangi eru gefnar einkunnir við lok hvers námskeiðs á bilinu 0-10 og er misjafnt hvað liggur að baki hverri einkunn, verkefni, próf o.s.frv. Eins og kemur fram í kafla 2 er það mjög breytilegt hversu mikið hefðbundin próf veга í lokaeinkunn námskeiða. Hjá þeim kennurum sem spurðir voru um heimapróf veга þau allt frá 20% upp í 80–90% af lokaeinkunnum. Þó er langalgengast að vægi heimaprófa sé um 50% af lokaeinkunn eða hjá 9 af þeim 22 kennurum sem rætt var við. Einungis fjórir segjast láta heimapróf veга meira en 50% í lokaeinkunn.

### ***Hvernig er endurgjöf á heimapróf háttáð?***

Langalgengast er að gefnar séu einkunnir í tölum fyrir úrlausnir heimaprófa. Aðeins einn kennari kvaðst gefa einkunnina lokið/ólókið sbr. ákvæði í Náms- og kennsluskrá 2002-2003 bls. 19. Nokkrir kennarar tóku fram að þeir gæfu umsögn ásamt tölueinkunn en þeir voru í minnihluta. Einn tók fram að einkunn væri sundurliðuð í nokkrum þáttum nemendum til glöggvunar.


Mynd 3.4. Fyrirkomulag einkunna og endurgjafar í heimaprófum



### Hvernig lagðir þú heimapróf fyrir?


Heimapróf eru oftast send út með tölvupósti og einnig er algengt að notast sé við WebCT sem er sérhannað vefumhverfi fyrir fjarnám. Sjaldgæft er að heimapróf séu birt á pappír og er það helst þegar um er að ræða heimapróf hjá staðnemum. Sjá mynd 3.5.

Mynd 3.5. Framkvæmd heimaprófa - fyrirkomulag



Þá kom fram að tími sem nemendur fá til að þreyta heimapróf er talsvert mismunandi eða allt frá tveimur klukkustundum til 7-10 daga. Algengast er að nemendur fái 24 klukkustundir til að leysa heimapróf (sjá mynd 3.6).

Mynd 3.6. Tímalengd heimaprófa




### **Hvernig er gerð heimaprófa háttáð?**

Algengt er að skipa prófspurningum skriflegra prófa í tvo meginflokka, fjölvalsspurningar (e. *selection-type items*) og ritgerðaspurningar (*supply-type items*). Þegar heimapróf eru annars vegar dregur úr þessum möguleikum, þar sem erfiðara er að leggja fyrir fjölvalsspurningar eða stuttar ritgerðaspurningar í slíkum prófum af augljósum ástæðum. Enda kemur í ljós að lengri ritgerðaspurningar, þar sem nemendur verða að vinna úr eða beita hugtökum eða hugmyndum á viðfangsefni, eru langalgengastar. Nokkrir sögðust þó nota krossaspurningar að hluta til og nokkrir stuttar ritgerðaspurningar. Ekki er hægt að greina skarpan mun á gerð heimaprófa og venjulegra prófa. Af 22 kennurum, sem rætt var við, töldu átta það megingalla á heimaprófum að ekki væri unnt að prófa alla þætti í heimaprófum, til dæmis staðreyndaþekkingu.

### **Hverjir eru kostir heimaprófa?**

Notendur heimaprófa voru spurðir bæði um kosti og galla þeirra. Ýmislegt kom fram í svörum kennaranna sem telja má kosti heimaprófa. Margir líta á það sem kost að heimapróf komi til móts við kröfur nemenda, sem þeir telji hlynnta þessu fyrirkomulagi. Flestir aðspurðra virðast telja kostina fleiri en gallana, en tveir telja sig ekki sjá neina kosti við heimapróf, þrátt fyrir að þeir hafi notað þau. Helstu kostir heimaprófa að mati kennara sem spurðir voru koma fram á mynd 3.7.

Mynd 3.7. Kostir sem fylgja því að nota heimapróf




**Ath. að liðurinn “nemendur læra af skilst illa. Verður ekki að standa: Nemendur læra af þeim?”**

### **Hverjir eru ókostir heimaprófa?**

Helstu ókostir heimaprófa að mati kennara eru að ekki er unnt að hafa eftirlit með nemendum á meðan á próftíma stendur. Sumir höfðu af því áhyggjur að nemendur kynnu að hafa samráð eða fengju jafnvel einhvern annan aðila til að þreyta prófið fyrir sig. Hér

koma einnig skýrt fram ókostir heimaprófa í samanburði við hefðbundin skrifleg próf sem eru tekin á prófstað, það er að takmarkað er hvað unnt er að prófa, úrlausnir geta orðið langar og illa skipulagðar og þar með meiri og erfiðari vinna fyrir kennara að fara yfir. Líkur eru einnig á lágu réttmæti og minni áreiðanleika við túlkun niðurstaðna í heimaprófum en í hefðbundnum skriflegum prófum því fjölbreytni matsatriða er mun minni.

Mynd 3.8. Ókostir sem fylgja því að nota heimapróf



***Að hvaða leyti eru heimapróf frábrugðin hefðbundnum prófum?***


Svör kennaranna við þessari spurningu voru nokkuð misjöfn. Sumir töldu að nemendur hefðu mun meira næði til að ígrunda svör sín og dýpka skilning sinn á efninu í heimaprófi en hefðbundnu prófi. Þá voru margir sem sögðu að heimapróf reyndu meira á skilning og beitingarspurningar væru heppilegar til að undirstrika það. Þá voru nokkrir sem tilgreindu að nemendur vönduðu svör sín betur sem og frágang úrlausna sem gerði það aðgengilegt að fara yfir prófin þótt svörin væru oft löng og ítarleg. Í þessu efni eru kennarar greinilega ekki sammála ef tekið er mið af mynd 3.8. Þá voru nokkrir sem sögðu að í sínum huga væru mörkin á milli verkefna og heimaprófa mjög óljós.

***Hefur þú tillögur um endurbætur á gerð og framkvæmd heimaprófa?***

Kennararnir voru almennt þeirrar skoðunar að ýmislegt er tengist gerð og framkvæmd heimaprófa þyrfti að endurskoða. Ber þar hæst að stytta þurfi próftíma og að heimapróf verði sett á próftöflu. Einnig er hluti svarenda ánægður með núverandi fyrirkomulag og svipaður fjöldi þeirrar skoðunar að skýrari reglur um heimapróf séu nauðsynlegar. Hér skal minnt á að í Náms- og kennsluskrá eru settar fram reglur um fyrirlögn heimaprófa, en væntanlega telja kennarar að þær þurfi að skerpa.



Mynd 3.9. Hugmyndir notenda heimaprófa um úrbætur á þeim



## Heimapróf – Samantekt

- Heimapróf virðast ekki algengt próffyrirkomulag
- Afmarkaður hópur kennara virðist nota heimapróf oft
- Heimapróf eru ekki alltaf sett á próftöflu
- Heimapróf er oftast lögð fyrir í lok misseris
- Heimapróf eru yfirleitt lögð fyrir í tölvupósti eða í WebCT-umhverfinu
- Algengasta tímalengd heimaprófs er 24 klukkustundir
- Heimaprófum lýkur oftast með tölueinkunnum
- Vægi heimaprófa er oftast um 50% af námsmati
- Þegar kennarar nefna kosti heimaprófa nefna þeir helst að þau séu þægilegur kostur fyrir nemendur og að próftakan sé þáttur í námsferli og nemendur læri af þeim, minna álag sé á nemendur og einnig spari þetta fyrirkomulag tíma og fyrirhöfn.
- Þegar kennarar eru spurðir um helstu ókosti heimaprófa segja þeir að takmarkað sé hvað unnt er að prófa, erfitt sé að koma í veg fyrir svindl, yfirferð sé tímafrek og með þeim séu hugsanlega gerðar minni kröfur til nemenda.
- Hugmyndir um úrbætur: Setja heimapróf á próftöflu, stytta próftíma, setja skýrar reglur og vanda betur gerð þeirra.
- Tveir af 22 kennurum sem reynslu hafa af heimaprófum telja æskilegast að leggja þau af.

## IV. Verkefni

---

### Efni þessa kafla:

- **Fjöldi verkefna og vægi í námsmati**
- **Tegundir / gerðir verkefna**
- **Umfang verkefna**
- **Einstaklingsverkefni - hópverkefni**
- **Einkunnir og endurgjöf fyrir verkefni**
- **Annað**

Í fyrsta kafla kemur fram að jafnan sé um að ræða tvenns konar fyrirkomulag námsmats við Kennaraháskóla Íslands. Annars vegar eru námskeið þar sem námsmat byggist á lokaprófi og verkefnum saman. Hins vegar eru námskeið, þar sem einvörðungu er byggt á verkefnum í námsmati. Þessi tvö meginsoði eru álíka algeng. Samkvæmt töflu 1.2 (sjá 1. kafla) fundust tvö námskeið sem byggðu námsmat eingöngu á prófum, en þegar gengið var eftir nánari upplýsingum fengust viðbótarupplýsingar. Hér komu til dæmis í ljós átta slík námskeið.

Í þessum kafla er þáttur verkefna í námsmati skoðaður nánar. Þá er átt við verkefni sem nemandi, einn eða með öðrum, leysir samkvæmt fyrirmælum frá kennara á námstímanum og árangurinn er tekinn inn í námsmat viðkomandi námskeiðs með vægi í lokaeinkunn. Gert er ráð fyrir að slíkum verkefnum sé skilað áður en tímabil lokaprófa hefst.

Heildarfjöldi námskeiða í grunndeild haustmisserið 2002 var 254. Alls bárust 213 kennsluáætlanir (84%) en ekki lágu fyrir upplýsingar um 41 námskeið. Kennsluáætlanirnar voru athugaðar með það að markmiði að fá skýra mynd af fjölda verkefna og vægi, tegund og gerð verkefna, umfangi, skiptingu milli einstaklings- og hópverkefna og einkunnagjöf ásamt fyrirkomulagi endurgjafar.

Af þessum 213 kennsluáætlunum höfðu 148 ofantaldar upplýsingar að einhverju leyti (69%) og byggir þessi greining á upplýsingum úr þeim. Í átta kennsluáætlunum (4%) voru verkefni ekki hluti af námsmati, 57 kennsluáætlanir (27%) innihéldu ekki nægilega miklar upplýsingar til að byggja þessa greiningu á.

Í 1. kafla var sagt að 274 námskeið hafi verið í boði við Kennaraháskólann haustið 2002 samkvæmt upplýsingum frá Nemendaskrá. Hér er gert ráð fyrir 254 námskeiðum í grunndeild, eins og hér kom fram, og 25 námskeiðum í framhaldsdeild, þ.e. samtals 279 námskeiðum. Þessi munur helgast af því að vægi sumra námskeiða í framhaldsdeild er ýmist 2,5 einingar eða 5 einingar og því er litið svo á að um tvö aðskilin námskeið sé stundum um að ræða, þótt svo sé ekki að skilja samkvæmt lýsingum í Náms- og kennsluskrá. Af þessum 25 námskeiðum í framhaldsdeild fengust 24 kennsluáætlanir sem gáfu upplýsingar um einhverja þá þætti sem hér var leitað eftir. Samkvæmt einni kennsluáætlun í námskeiði í framhaldsdeild byggðist námsmat ekki á verkefnum.

Greiningin nær með öðrum orðum til 172 kennsluáætlana af 279 eða 62%. Verkefnalýsingar kennsluáætlana voru skoðaðar og reynt að greina þær samkvæmt eftirfarandi viðmiðum: Einingafjöldi námskeiðs, fjöldi verkefna í námskeiði, gerð verkefna, umfangi verkefna, fjöldi einstaklingsverkefna, fjöldi hópverkefna, tegund einkunnar, tegund endurgjafar og ýmsu öðru eftir aðstæðum. Námsbrautir voru skoðaðar hver fyrir sig og einnig reynt að skoða mun eftir misserum (1., 3. og 5. misseri). Lýsingarnar voru fjölbreyttar og veitist því erfitt að greina þær samkvæmt samræmdum viðmiðum.

#### 4.1 Fjöldi verkefna og vægi í námsmati

Fjöldi verkefna í hverju námskeiði var frá einu upp í níu. Nokkur misbrestur var á að vægi verkefna kæmi skýrt fram í kennsluáætlun en í framhaldsdeild var þessi skráning yfirleitt skýr. Einnig var þessi skráning misítarleg eftir brautum. Við greiningu verkefna voru námskeið ekki tekin með ef upplýsingar vantaði um vægi verkefna í námsmati. Í töflu 4.1 má sjá vægi verkefna reiknað út frá einingafjölda annars vegar í grunndeild og hins vegar í framhaldsdeild. Vægi verkefna var fundið með því að skoða einingavægi einstakra námskeiða og hlut verkefna í hverju fyrir sig.


*Tafla 4.1. Fjöldi námskeiða, eininga og verkefna eftir deildum innan Kennaraháskólans. Hér kemur einnig fram vægi verkefna í námsmati miðað við einingafjölda*

	Fjöldi námskeiða	Einingar	Fjöldi verkefna	Vægi verkefna í heildareiningafjölda
Grunndeild	148	349	307	70,82%
Framhaldsdeild	24	94,5	60	89,95%

Heimild: 172 kennsluáætlanir sem skoðaðar voru

Mynd 4.1 sýnir fjölda námskeiða og fjölda verkefna sem lögð voru fyrir á haustmiseri 2002 á öllum námsbrautum grunndeildar. Eins og kemur þar fram var aðeins hluti af námskeiðslýsingum skoðaður, t.d. 68 námskeið af 122 á grunnskólabraut og 24 af 57 á leikskólabraut.


Mynd 4.1. Fjöldi námskeiða sem voru skoðuð í grunndeild og fjöldi verkefna á þessum námskeiðum



Samkvæmt þessum upplýsingum eru 2,07 verkefni að meðaltali lögð fyrir nemendur grunndeildar í hverju námskeiði haustmisserið 2002. Sjá má örlítinn mun á fjölda verkefna milli staðbundins náms og fjarnáms þar sem fleiri verkefni eru unnin í staðbundnu námi.

Gerð var úttekt á vægi verkefna í einingafjölda samkvæmt sömu skiptingu, þ.e. eftir deildum og brautum, fjarnámi og staðnámi (sjá mynd 4.2).

Mynd 4.2. Hlutfall verkefna miðað við einingar í námskeiðum eftir brautum og deildum í staðnámi og fjarnámi



Mynd 4.2. sýnir vægi verkefna í námsmati miðað við einingafjölda í námskeiðum. Vægi verkefna í hverju námskeiði er vegið út frá einingafjölda hvers námskeiðs þannig að heildarfjöldi eininga námsbrautar raski ekki myndinni. Meðaltal í grunndeild reynist vera 70,82% en dreifingin er frá 50,20% á íþróttabraut til 82,14% á grunnskólabraut fjarnámi. Benda má á að vægi verkefna er ekki minna í fjarnámi. Þar virðast vera færri og stærri verkefni.

Tafla 4.2 sýnir vægi verkefna eftir misserum á hinum mismunandi brautum grunndeildar. Það vekur nokkra athygli að vægi verkefna í námsmati er mjög misjafnt eftir misserum og námsbrautum. Fimm misseri eru metin 100% með verkefnum. Þetta eru þriðja misseri fjarnáms á grunnskólabraut, þriðja misseri staðnáms á leikskólabraut og þriðja misseri fjarnáms á leikskólabraut, þriðja misseri á kennsluréttindabraut og fimmta misseri í fjarnámi á leikskólabraut. Á hinn bóginn sker diplómanám í leikskólafræðum sig úr á 1. misseri þar sem vægi verkefna er aðeins 20%, einnig fjarnám þroskaþjálfna á 3. misseri með 30% vægi verkefna. Tekið skal fram að fjöldi eininga að baki þessum tölum er afar misjafn, eins og áður kemur fram og því ber að fara varlega í að alhæfa út frá þessum upplýsingum. Ástæður þessarar óvissu eru hve margar kennsluáætlanir reyndust óskýrar og töldust því ekki með.

Taflan sýnir vægi verkefna í námsmati miðað við einingafjölda á námsbrautum eftir misserum. Einingarnar að baki hlutfallsstölunum eru í neðrihluta töflunnar.

Tafla 4.2. Vægi verkefna í námsmati miðað við einingaffölda eftir misserum

Misseri	Íþróttabraut	Tómstundabr. fjarn.	Grunnskólabr. staðn.	Grunnskólabr. fjarn.	Leikskólabr. staðn.	Leikskólabr. fjarn.	Leikskólabr. dipl.	Proskapj. staðn.	Proskapj. fjarn.	Kennslu-réttindabr.
1	51%	67%	50%	25%	48%	53%	20%	62%	62%	66%
3	38%	83%	77%	100%	100%	100%	72%	76%	30%	100%
5	54%	-	83%	88%	53%	100%	-	91%	-	-
7	71%	-	-	77%	-	67%	-	-	-	-
1	14	6	8	2	8	6	5	11	11	8
3	19	6	48	4	15	5	10	5	2	2
5	17	-	51	24	15	2	-	13	-	-
7	7	-	-	19	-	6	-	-	-	-

## 4.2 Tegundir/gerðir verkefna

Verkefni sem notuð eru við námsmat eru mjög fjölbreytt að gerð. Þau geta verið skrifleg, verkleg, í formi vinnubóka, skýrslna, ritgerða, kennsluverkefna, dæma, hlustunar, veggspjalda, kynninga, málstofa, greininga, rannsókna, hugleiðinga, hlustunar eða blanda af einhverju sem hér var talið upp. Ljóst er af þessari upptalningu, að erfitt getur verið að greina á milli tegunda verkefnanna, þar sem sameiginleg skilgreining á heitum liggur ekki fyrir. T.d. geta skrifleg verkefni fallið undir heiti eins og ritgerð, skýrsla, skrifleg skil og fleira. Verkleg verkefni geta verið kennsla, vettvangsathuganir, líkamleg færni (dans), afkastageta (hlaup eða sund), notkun tækja (saumavél, súrefnismæling) og ýmiss konar handverk. Enn fremur er þessum aðferðum oft beitt saman, t.d. kennsluverkefni (skrifleg og verkleg skil), við málstofur, greiningar, kynningar og munnleg eða skrifleg skil. Fram kom í nokkrum kennsluáætlunum að námsmat yrði í formi margs konar verkefna og því ekki hægt að greina það nánar. Af framansögðu má draga þá ályktun að verkefni, sem hafa vægi í lokaeinkunnum námskeiða við Kennaraháskóla Íslands, eru í þokkalega góðu samræmi við þær megináherslur sem koma fram í meginmarkmiðum Kennaraháskóla Íslands (sjá bls. 10 í Náms- og kennsluskrá 2002-2003). Þar er lögð áhersla jafnt á bókvit, verkvit sem og siðvit.

Í 85% þeirra kennsluáætlana sem skoðaðar voru innan grunndeildar var tilgreint hvers eðlis verkefnin voru, þ.e. hvort þau voru skrifleg, verkleg, blanda af hvoru tveggja eða eitthvað annað. Í 15% tilvika var ekki tilgreint neitt í þessa veru.

Gerð verkefna í framhaldsdeild var tilgreind í 57% kennsluáætlana. Í tæpum helmingi kennsluáætlana framhaldsdeildar er með öðrum orðum ógerlegt að ráða hvers eðlis verkefnin eru.

### 4.3 Umfang verkefna

Umfang verkefna er ýmist mælt í orðum, blaðsíðum, klukkustundum eða dögum, allt eftir eðli verkefnanna. Svo virðist sem lítið sé lagt upp úr að tilgreina umfang verkefna í kennsluáætlunum. Þá skiptir engu hvaða námsbrautir er um að ræða, að einni undanskilinni. Samanburðarhæfi þessara upplýsinga er því ekki til staðar en umfang verkefna er frá einni blaðsíðu upp í ótakmarkaðan fjölda blaðsíðna. Tími er einnig oft notaður sem mælikvarði á umfang verkefna, ýmist í klukkustundum (frá 8 til 120 klst.) eða dögum, t.d. útivistarferð sem er hugsuð sem verkefni með vægi í lokaeinkunn. Hér mætti huga að samræmingu, t.d. að skilgreina alltaf umfangið sem vægi í % af heildarnámsmati.

### 4.4 Einstaklingsverkefni – hópverkefni

Oft ber á góma spurningin, hvort sé eðlilegra í námi kennara og annarra uppeldisstétta, að leggja áherslu á hópverkefni eða einstaklingsverkefni. Hér er gert ráð fyrir að um sé að ræða hópverkefni þegar tveir eða fleiri nemendur vinna verkefnið saman. Í þeim kennsluáætlunum, sem skoðaðar voru, var gerð úttekt á þætti einstaklingsverkefna annars vegar og hópverkefna hins vegar. Verkefni voru samtals 307 í grunndeild.

Athygli vekur að upplýsingar vantar um hámarks- og lágmarksfjölda nemenda í hópverkefnum í 126 tilfellum af 307 eða 41% þeirra kennsluáætlana sem skoðaðar voru. Kennsluáætlanir grunnskólabrautar eru óskýrastar hvað þetta varðar. Þar vantar upplýsingar í 61% tilvika og á leikskólabraut í 57% tilvika. Svo virðist sem hlutfall einstaklings- og hópverkefna sé nokkuð jafnt í grunndeild sé tekið mið af þeim kennsluáætlunum þar sem upplýsingar var að finna um þetta.

Í töflu 4.5 eru upplýsingar um hlutfall milli einstaklingsverkefna og hópverkefna eftir brautum í grunndeild. Einnig kemur þar fram í hve stórum hluta kennsluáætlana var ógerningur að finna þessar upplýsingar. Hér er með öðrum orðum minnt á að upplýsingar vantar um allmörg námskeið sem kennd voru haustið 2002 svo væntanlega þarf að fara varlega í að alhæfa út frá þessum niðurstöðum. En þó ber að vekja athygli á talsverðum mun á brautum hvað þetta varðar. Áhersla á einstaklingsverkefni virðist t.a.m. meiri á tómsundabraut, kennsluréttindabraut og þroskaþjálfabraut en á öðrum brautum. Meiri áhersla er á hópverkefni á íþróttabraut, en jafnvægis virðist gæta milli einstaklingsverkefna og hópverkefna á grunnskólabraut og leikskólabraut.

Tafla 4.3. Skipting verkefna í einstaklings- og hópverkefni. Taflan sýnir einnig hve margar kennsluáætlanir voru óljósar hvað þetta varðar

Námsbraut	Fj. verkefna	Einstaklingsv	Hópverkefni	Uppl. vantar
Íþróttabraut	61	36%	59%	5%
Tómstundabraut	14	64%	36%	0%
Grunnskólabraut	147	20%	19%	61%
Leikskólabraut	58	21%	22%	57%
Þroskaþjálfabraut	16	56%	38%	6%
Kennsluréttindabraut	11	64%	36%	0%
Alls:	307	29%	30%	41%

#### 4.5 Einkunnir og endurgjöf fyrir verkefni

Tegund einkunna og endurgjafar er í fæstum tilfellum tilgreind í kennsluáætlunum námskeiða. En þar sem upplýsingar lágu fyrir kom í ljós að talnakvarðar voru að lang mestu leyti notaðir við einkunnagjöf. Nokkuð er um að verkefnin séu metin út frá hugtökunum lokið / ólokið þar sem nemendur þurfa að standast ákveðnar kröfur til að ljúka verkefninu. Einnig kemur fram að auk einkunna gefa kennarar umsagnir, annaðhvort munnlega eða skriflega, nema hvort tveggja sé. Verulegur munur var milli námsbrauta grunndeildar og milli einstakra námskeiða í framhaldsdeild á upplýsingum um þennan þátt í kennsluáætlunum.

#### 4.6 Annað

Ástæða þykir að áréttu það sem þegar hefur komið fram um fjölbreytni verkefna. Í kennsluáætlunum koma jafnan upplýsingar um hvað sé metið. Mikilvægt er að kennarar hugi vel að því hvað þeir leggja til grundvallar í námsmati, þar sem það hlýtur að þurfa að endurspegla þau markmið sem lagt var upp með. Eftirfarandi dæmi eru úr kennsluáætlunum hvað þetta varðar: Þör dansa, sóknarskylda, málstofur, mappa, umræður á neti, vottorð, virkni. Varðandi aðferðir, þá er minnst á símat og sjálfsmat. Enn fremur er minnst á „lítil verkefni“, án þess að það sé skýrt nánar. Enn skal minnt á að fjölbreytni í verkefnaútfærslum, inntaki mats og aðferðum, endurspeglar vel meginmarkmið náms við Kennaraháskóla Íslands samanber bls. 10 í Náms- og kennsluskrá 2002-2003. En aftur á móti má segja að þörf sé á samræmdri framsetningu í kennsluáætlunum hvað þetta varðar, þannig að nemendur og aðrir geti lesið út úr þeim hvað er lagt til grundvallar í mati, hverjar aðferðirnar séu, hvaða viðmið notast er við og hvert vægi afmarkaðra þátta verði.

#### Verkefni - Samantekt:

- Alls bárust 254 kennsluáætlanir, en 148 voru greindar í grunndeild.



- Nokkur misbrestur var á skráningu á vægi verkefna í kennsluáætlunum í grunndeild en í framhaldsdeild er þessi skráning yfirleitt skýr. Einnig kom fram að þessi skráning er misítarleg eftir brautum.
- Í tæpum helmingi kennsluáætlana framhaldsdeildar (43%) er óljóst hvers eðlis verkefni voru, þ.e. hvort þau voru skrifleg, verkleg eða blanda af hvoru tveggja.
- Vægi verkefna í námsmati er, samkvæmt þessari greiningu, minnst á íþróttabraut (50,2%), en mest í fjarnámi á grunnskólabraut (81,4%).
- Almenn má segja að upplýsingum um fyrirkomulag verkefna, t.d. hvort um sé að ræða einstaklingsverkefni eða hópverkefni, sem og upplýsingum um framsetningu og fyrirgjöf og/eða endurgjöf, sé ábótavant í kennsluáætlunum.
- Í þeim kennsluáætlunum, sem greindar voru, kom í ljós að jafnvægi virðist ríkja milli einstaklingsverkefna og hópverkefna. Athugið að hér var aðeins hluti þeirra námskeiða skoðaður, sem var í boði haustið 2002 við skólann.
- Ljóst er að verkefni hafa umtalvert vægi í námsmati. Í þeirri úttekt sem hér var gerð kemur ekkert fram um kröfur til að standast verkefni og skil þeirra. Fylgja allir kennarar t.d. ákvæðum í Náms- og kennsluskra um eindaga og viðmið um lágmarkseinkunnir í verkefnum? Ekkert kemur fram um þetta í þessari úttekt.
- Þættir, sem lagðir eru til grundvallar mati í verkefnum, eru mjög fjölbreytilegir og tengjast fjölbreytilegum markmiðum sem má segja að samræmist meginmarkmiðum náms við Kennaraháskóla Íslands, sbr. Náms- og kennsluskra 2002-2003 bls. 10.
- Margbreytileiki í lýsingum á verkefnum, sem liggja til grundvallar í námsmati, er gríðarlega mikill. Þess vegna er ástæða til að spyrja, hvort ekki sé ástæða til að setja viðmið eða nokkurs konar gátlista fyrir kennara, þegar þeir setja fram lýsingar á verkefnum er hafa vægi í námsmati, t.d. hvað varðar vægi hvers verkefnis miðað við aðra þætti í námskeiði, matsaðferðir, hvað sé metið og umfang verkefnis svo eitthvað sé nefnt.

# V. Einkunnir

---

Efni þessa kafla:

- **Meðaltöl og dreifing einkunna eftir brautum og deildum**
- **Samanburður einkunna í staðnámi og fjarnámi**
- **Samanburður einkunna eftir misserum**
- **Samanburður einkunna eftir brautum**
- **Samanburður einkunna í Kennaraháskóla Íslands og kennaradeild Háskólans á Akureyri**
- **Samantekt**

Í Náms- og kennsluskrá 2002-2003, sem var í gildi þegar þessi úttekt var gerð, segir um tilgang námsmats:

Megintilgangur námsmats er að veita nemendum upplýsingar um gengi og árangur í námi og örva þá til dáða. Mikilvægt er að námsmat byggist á traustum gögnum svo tryggja megi eftir föngum að niðurstöður séu áreiðanlegar og réttmætar. Námsmat er einnig vottun skólans um að nemandi hafi tileinkað sér lágmarkspækkingu og færni á tilteknu sviði.

Bls. 11

Vottun skólans um að nemandi hafi tileinkað sér lágmarkspækkingu og færni á tilteknu sviði er nánast undantekningarlaust skráð með tölulegum einkunnum og varðveitt hjá Nemendaskrá skólans, sem geymir gögn um allar einkunnir í námskeiðum Kennaraháskóla Íslands. Einkunnir eru gefnar í heilum og hálfum tölum á bilinu 0 til 10. Í Náms- og kennsluskrá er tilgreint að lágmarkseinkunn 5 þurfi til að standast hvert einstakt námskeið og að í námskeiðum, þar sem námsmat er byggt bæði á prófum og verkefnum, þurfi lágmarkseinkunn 5 í hvoru tveggja. Loks er tekið fram að í einstökum tilvikum geti námskeiði lokið með vitnisburðinum lokið / ólokið. Námsmat getur byggst á skriflegum, munnlegum eða verklegum prófum, ritgerðum og verkefnum. Ítarlegar upplýsingar voru teknar saman hjá Nemendaskrá um einkunnir og dreifingu þeirra við Kennaraháskóla Íslands haustið 2002. Heildarfjöldi skráninga í þessum gögnum var 8628, þar af 58% af grunnskólabraut, 16% af leikskólabraut, 7% af íþróttabraut, 6% af þroskaþjálfabraut, 6% af framhaldsdeild, 5% af kennsluréttindabraut og 2% af tómstundabraut.


## 5.1 Meðaltöl og dreifing einkunna

Hjá Nemendaskrá voru tekin saman gögn um meðaltöl og dreifingu einkunna á öllum sex námsbrautum í grunndeilda og á öllum námskeiðum í framhaldsdeild haustið 2002 (sjá mynd 5.1). Nánari upplýsingar um þetta er svo að finna í töflu 5.1. Þar koma fram meðaltöl meðaleinkunna, staðalfrávik, hæstu einkunna og lægstu einkunna á öllum brautum grunndeildar, bæði í staðnámi og fjarnámi, og einnig í framhaldsdeild. Þessi meðaltöl eru þannig reiknuð að öll námskeið hafa samvægi óháð stærð í einingum og nemendafjölda. Þetta er ein leið af mörgum við að gera slíkan samanburð og hefur hún

kosti og galla. Kostirnir eru einkum þeir að þetta er einföld aðferð en gallarnir helstir að smærri námskeið, t.d. í vali fá sama vægi og stór námskeið í kjarna.

Þegar bornar eru saman meðaleinkunnir eftir brautum (sjá mynd 5.1) kemur í ljós að þær eru hæstar á tómsundabraut (8,63) og þar er einnig hæsta meðaltal hæstu einkunna (9,58) og hæsta meðaltal lægstu einkunna (6,86). Meðaleinkunnir eru lægstar á þroskaþjálfabraut (7,39). Lægsta meðaltal hæstu einkunna er í diplómanámi á leikskólabraut (8,86) og lægsta meðaltal lægstu einkunna er á kennsluréttindabraut (5,40). Dreifing einkunna er mest á kennsluréttindabraut (1,01) og minnst í diplómanámi á leikskólabraut (0,67) (sjá mynd 5.1). Meðaltöl algengustu einkunna ná frá 7,45 á þroskaþjálfabraut upp í 8,71 í diplómanámi á tómsundabraut (sjá töflu 5.1).

Mynd 5.1. Meðaltöl og staðfrávik meðaleinkunna eftir brautum.



Heimild: Nemendaskrá

Tafla 5.1. Meðaltöl meðaleinkunna, staðalfrávika, hæstu einkunna, lægstu einkunna og algengustu einkunna eftir brautum og deildum haustið 2002

	Meðaltal:					
	Fjöldi skráninga	Meðal-einkunna	Staðal-frávika	Hæstu einkunna	Lægstu einkunna	Algengustu einkunna
Grunnskólabraut	4984	8,03	0,74	9,15	6,36	8,29
Kennsluréttindabraut	474	7,86	1,01	9,40	5,40	8,15
Leikskólabraut	1139	7,69	0,74	8,89	6,16	7,96
Þroskaþjálfabraut	551	7,39	0,86	8,91	5,86	7,45
Íþróttabraut	571	7,60	0,92	9,00	5,53	7,85
Framhaldsdeild	508	8,06	0,68	9,08	6,68	8,30
Diplómanám á leikskólabraut	211	7,59	0,67	8,86	6,43	7,57
Diplómanám á tómsundabraut	190	8,63	0,72	9,58	6,86	8,71
	<b>8628</b>	<b>7,86</b>	<b>0,79</b>	<b>9,11</b>	<b>6,16</b>	<b>8,04</b>

Heimild: Nemendaskrá

## 5.2 Samanburður einkunna í staðnámi og fjarnámi

Þegar bornar eru saman einkunnir í staðbundnu námi og fjarnámi kemur í ljós að þær eru jafnan örlítið hærri í fjarnámi. Í töflu 5.2 má sjá meðaltöl meðaleinkunna, staðalfrávika, hæstu einkunna, lægstu einkunna og algengustu einkunna í staðnámi (framhaldsdeild er talin þar með) og fjarnámi.

Tafla 5.2. Meðaltöl meðaleinkunna, staðalfrávika, hæstu einkunna, lægstu einkunna og algengustu einkunna í staðnámi og fjarnámi haustið 2002


	Fjöldi skráninga	Meðal-einkunnir	Staðal-frávik	Hæstu einkunnir	Lægstu einkunnir	Algengustu einkunnir
Staðnám	5185	7,75	0,84	9,06	5,88	7,94
Fjarnám	3443	7,97	0,72	9,18	6,51	8,17

Þegar einstakar brautir eru skoðaðar kemur í ljós mestur munur innan kennsluréttindabrautar. Þar er meðaltal meðaleinkunna 7,67 í staðnámi en 8,15 í fjarnámi. Á kennsluréttindabraut er meðaltal hæstu einkunna 9,33 í staðnámi og 9,50 í fjarnámi, meðaltal lægstu einkunna er 4,83 í staðnámi og 6,25 í fjarnámi og meðaltal algengustu einkunna á kennsluréttindabraut er 7,83 í staðnámi og 8,63 í fjarnámi. Á öðrum brautum er minni munur, þótt hann felist nánast undantekningalaust í að einkunnir séu hærri í fjarnámi eins og áður er getið.

## 5.3 Samanburður einkunna eftir misserum og brautum

Gerður var samanburður meðaltölum og dreifingu eftir misserum á hinum mismunandi brautum. Niðurstöður má sjá á myndum 5.2 til 5.6 í eftirfarandi röð: Grunnskólabraut, leikskólabraut, þroskaþjálfabraut, íþróttabraut, kennsluréttindabraut og framhaldsdeild.


Mynd 5.2. Meðaltöl og staðalfrávik meðaleinkunna eftir misserum á grunnskólabraut.



Á grunnskólabraut hækka einkunnir í staðnámi að meðaltali þegar líður á námið (sjá mynd 5.2) en mynstrið er ekki eins greinilegt í fjarnáminu þar sem lægstu einkunnir eru að meðaltali á 3. misseri.


Ef skoðaðar eru hæstu einkunnir á grunnskólabraut þá voru þær í staðnámi þessar: 9,50 (1. misseri), 9,00 (3. misseri) og 9,24 (5. misseri). Meðaltöl lægstu einkunna þessi: 4,21 (1. misseri), 6,28 (3. misseri) og 6,91 (5. misseri). Í fjarnámi á grunnskólabraut voru sambærilegar tölur eftirfarandi. Meðaltöl hæstu einkunna: 9,25 (1. misseri), 9,60 (3. misseri) og 9,00 (5. misseri). Meðaltöl lægstu einkunna: 5,13 (1. misseri), 4,20 (3. misseri) og 6,90 (5. misseri).

Mynd 5.3. Meðaltöl meðaleinkunna og dreifing eftir misserum á leikskólabraut.




Meðaltöl meðaleinkunna á leikskólabraut eftir misserum má sjá á mynd 5.3. Meðaleinkunnir hækka eftir því sem líður á námstímann hjá fjarnemendum en hjá staðnemum eru einkunnir hæstar á 3. misseri. Á leikskólabraut voru meðaltöl hæstu einkunna í staðnámi þessi: 8,90 (1. misseri), 9,17 (3. misseri) og 8,69 (5. misseri). Meðaltöl lægstu einkunna þessi: 4,80 (1. misseri), 6,75 (3. misseri) og 6,63 (5. misseri). Í fjarnámi á leikskólabraut voru sambærilegar tölur eftirfarandi. Meðaltöl hæstu einkunna: 8,75 (1. misseri), 8,67 (3. misseri) og 9,25 (5. misseri). Meðaltöl lægstu einkunna: 5,25 (1. misseri), 5,92 (3. misseri) og 7,25 (5. misseri)

Mynd 5.4. Meðaltöl meðaleinkunna og dreifing eftir misserum á þroskaþjálfabraut.




Á þroskaþjálfabraut voru meðaltöl hæstu einkunna í staðnámi þessi: 8,70 (1. misseri), 9,00 (3. misseri) og 9,17 (5. misseri). Meðaltöl lægstu einkunna voru þessi: 5,80 (1. misseri), 5,79 (3. misseri) og 6,50 (5. misseri). Í fjarnámi á þroskaþjálfabraut voru sambærilegar tölur eftirfarandi. Meðaltöl hæstu einkunna: 8,38 (1. misseri) og 9,08 (3. misseri). Meðaltöl lægstu einkunna: 5,50 (1. misseri) og 5,58 (3. misseri). Engin námskeið voru á 5. misseri á þroskaþjálfabraut.

Mynd 5.5. Meðaltöl meðaleinkunna og dreifing eftir misserum á íþróttabraut.



Ef skoðaðar eru meðaleinkunnir eftir misserum á íþróttabraut þá lækka þær eftir því sem líður á námið (sjá mynd 5.5). Á íþróttabraut voru meðaltöl hæstu einkunna í staðnámi þessi: 9,25 (1. misseri), 8,60 (3. misseri) og 8,88 (5. misseri). Meðaltöl lægstu einkunna voru þessi: 5,13 (1. misseri), 5,80 (3. misseri) og 3,75 (5. misseri).


Mynd 5.6. Meðaltöl meðaleinkunna og dreifing eftir misserum á kennsluréttindabraut.



Meðaltöl eftir misserum á kennsluréttindabraut má sjá á mynd 5.6. Í fjarnámi var einungis hópur í námi á 1. misseri en í staðnámi eru meðaleinkunnir lægri á 3. misseri í samanburði við 1. misseri. Á kennsluréttindabraut voru meðaltöl hæstu einkunna í staðnámi þessi: 9,38 (1. misseri) og 9,25 (3. misseri). Meðaltöl lægstu einkunna voru 4,63 (1. misseri) og 5,25 (3. misseri). Í fjarnámi á kennsluréttindabraut var einungis um að ræða upplýsingar um 3. misseri. Meðaltal hæstu einkunna þar var 9,50 (3. misseri) og meðaltal lægstu einkunna 6,25 (3. misseri).

Í framhaldsdeild skiptast námskeiðin í nokkra flokka eftir eðli námsins. Á mynd 5.7 má sjá öll meðaltöl og dreifingu einkunna í fimm námskeiðsflokkum framhaldsdeildar. Í flokki 31 er meistaranám, flokki 32 er kennslufræði, 33 kennslufræði faggreina (stærðfræðimenntun og tölvu- og upplýsingatækni), 35 stjórnun og í flokki 39 er framhaldsnám fyrir þroskaþjálfara. Langmest dreifing einkunna er í námskeiðsflokki 31, en minnst í námskeiðsflokki 35. Hæstu og lægstu einkunnir í framhaldsdeild koma fyrir í flokki 31. Algengustu einkunnir eru á bilinu 7,75 til 8,63.

Mynd 5.7. Meðaltöl meðaleinkunna og dreifing eftir námskeiðsflokkum í framhaldsdeild. Hér eru einnig sýnd meðaltöl hæstu einkunna, lægstu einkunna og algengustu einkunna




#### 5.4 Samanburður einkunna eftir brautum – skráðar einkunnir

Í þessum kafla eru skoðaðar allar einkunnir sem gefnar voru á haustmisseri 2002. Hér er ekki verið að vinna með meðaltöl, heldur einkunnir hvers og eins nemanda eins og þær eru skráðar hjá Nemendaskrá. Skipta má þessum einkunnum í fernt, þ.e. metið, staðist, fall án einkunnar og talnaeinkunn. Nokkuð misjafnt er eftir brautum hversu hátt hlutfall skráðra einkunna fellur í fyrstu þrjá flokkana. Langmest er um að námskeið séu metin á grunnskóla- og leikskólabraut, sjá mynd 5.8. Á leikskólabraut eru rúm 17% einkunna sem skráðar eru metin en tæp 11% á grunnskólabraut. Líklegustu skýringar á þessu eru að nemendur sem lokið hafa diplómanámi í leikskólafræðum fái námskeið metin þegar þeir hefja nám á leikskólabraut og að nemendur sem lokið hafa öðru námi fái það metið t.d. þroskaþjálfar sem hefja nám á grunnskólabraut.




Mynd 5.8. Metið sem hlutfall af skráðum einkunnum eftir brautum



Það að notað sé staðið sem umsögn í lok námskeiðs er algengast á íþróttabraut en um 30% skráðra einkunna þar eru staðið eins og sjá má á mynd 5.9.


Mynd 5.9. Staðið sem hlutfall af skráðum einkunnum eftir brautum



Á mynd 5.10 sést hversu oft fall án einkunnar er skráð hjá Nemendaskrá. Algengast er að þetta gerist á kennsluréttindabraut en á öðrum brautum er þetta á milli 2 til 8% einkunna


sem eru skráðar. Líklega eru langflestir sem fá slíka einkunn hættir námi eða hafa gleymt að skrá sig úr námskeiðum.

Mynd 5.10. Fall án einkunnar sem hlutfall af skráðum einkunna eftir brautum




Talnaeinkunnir eru gefnar á bilinu 0 til 10 í Kennaraháskólanum. Á myndum 5.11 til 5.18 sjást dreifingar talnaeinkunna eftir námsbrautum. Algengasta einkunn á grunnskólabraut er 8,5, á íþróttá- kennsluréttinda- leikskóla- og þroskaþjálfabrautum eru algengasta einkunnin 8. Í framhaldsdeild og í diplómanámi á leiskólabraut er 8 einnig algengasta einkunn en 9 er algengasta einkunn í diplómanámi á tómstundabraut.

Mynd 5.11. Dreifing talnaeinkunna á grunnskólabraut




Á mynd 5.11 sést dreifing einkunna á grunnskólabraut. Algengustu einkunnir sem gefnar voru á þeirri braut eru 8,5 og 8. Einnig sést að heldur algengara er að nemendur fái einkunnina 10 heldur en einkunnina 5.

Mynd 5.12. Dreifing talnaeinkunna á íþróttabraut




Dreifingu einkunna á íþróttabraut má sjá á mynd 5.12. Þar eru algengustu einkunnir 8 og 8,5. Lítið er um að einkunn 10 sé notuð en einkunnirnar 9 og 7,5 eru notaðar svipað oft.

Mynd 5.13. Dreifing talnaeinkunna á kennsluréttindabraut




Á kennsluréttindabraut er einkunnin 8 algengust eins og sjá má á mynd 5.13. Einkunnin 7,5 er önnur algengust sem gefin er á brautinni.

Mynd 5.14. Dreifing talnaeinkunna á leikskólabraut




Eins og á íþróttabraut og kennsluréttindabraut er 8 algengasta einkunn á leikskólabraut (sjá mynd 5.14).

Mynd 5.15. Dreifing talnaeinkunna á þroskaþjálfabraut




Dreifing einkunna á þroskaþjálfabraut virðist heldur meiri en á hinum brautunum í grunndeild (sjá mynd 5.15), en 8 er þó algengasta og 6 er mun meira notuð en á hinum brautunum.

Mynd 5.16. Dreifing talnaeinkunna í framhaldsdeild




Í framhaldsdeild er lítið um að nemendur falli eins og sjá má á mynd 5.16. Eins og á flestum brautum í grunndeild er 8 algengasta einkunn, en í framhaldsdeild eru einkunnir undir 7 mjög fátíðar.

Mynd 5.17. Dreifing talnaeinkunna í diplómanámi á leikskólabraut



Það sem vekur athygli, þegar einkunnadreifing í diplómanámi á leikskólabraut er skoðuð, er að enginn nemandi hefur fengið falleinkunn. Algengasta einkunn er 8 en einnig er einkunnin 8,5 mikið notuð (sjá mynd 5.17).


Mynd 5.18. Dreifing talnaeinkunna í diplómanámi á tómstundabraut



Hæstu einkunnir í skólanum á haustmisseri 2002 voru í diplómanámi á tómstundabraut. Þar var algengasta einkunnin 9 og um helmingur nemenda var með þá einkunn eða hærri.

Ekki er mikið um að nemendur falli í námskeiðum t.d. er það óþekkt í diplómanámi á leikskólabraut, eins og áður sagði, en algengast á íþróttabraut en þar er fall 4,4% af skráðum talnaeinkunnum.

Mynd 5.19. Hlutfall talnaeinkunn sem eru fall



Mikill meiri hluti nemenda fær fyrstu einkunn sé gefin talnaeinkunn og er það hlutfall hæst í diplómanámi á tómsundabraut eða 93%, en lægst á þroskaþjálfabraut þar sem 59% talnaeinkunna falla í þennan flokk. Í flokkinn ágætiseinkunn, þ.e.a.s. 9 eða hærra fellur um helmingur einkunna sem skráðar eru í diplómunámi á tómsundabraut, 23% einkunna í framhaldsdeild og rúmlega 20% einkunna á grunnskóla- og kennsluréttindabraut. Á öðrum brautum er þetta lægra hlutfall.

## 5.5 Samanburður við einkunnir frá kennaradeild Háskólans á Akureyri

Það verður ævinlega álitamál hvað telst eðlilegt meðaltal einkunna og dreifing. Hins vegar er því ekki að neita að meðaltöl einkunna í námskeiðum við Kennaraháskóla Íslands liggja ofarlega miðað við einkunnaskalann 0 til 10 eins og glöggjt má sjá hér á undan og athygli vekur hve dreifing einkunna er lítil. Ástæða þótti að bera þessar tölur saman við tölur frá stofnun sem telst sambærileg Kennaraháskóla Íslands, þ.e. kennaradeild Háskólans á Akureyri.

*Tafla 5.3. Meðaltöl meðaleinkunna, staðalfrávika, hæstu einkunna, lægstu einkunna og algengustu einkunna eftir brautum og deildum haustið 2002 – Samanburður milli Kennaraháskólans og Kennaradeildar Háskólans á Akureyri.*

	Fjöldi skráninga	Meðaltal:				
		Meðal-einkunna	Staðal-frávika	Hæstu einkunna	Lægstu einkunna	Algengustu einkunna
Grunnskólabraut KHÍ	4984	8,03	0,74	9,15	6,36	8,29
Grunnskólabraut HA	602	7,69	0,89	9,03	6,03	7,98
Leikskólabraut KHÍ	1139	7,69	0,74	8,89	6,16	7,96
Leikskólabraut HA	539	7,42	0,89	9,42	5,52	7,53

Í töflu 5.2 eru einkunnir á tveimur brautum í Kennaraháskólanum bornar saman við einkunnir á sambærilegum brautum Háskólanum á Akureyri haustið 2002. Þetta eru grunnskólabraut og leikskólabraut. Einungis tvö námskeið voru kennd á haustmisseri 2002 við kennsluréttindabraut Háskólans á Akureyri og var því ákveðið að sleppa samanburði við kennsluréttindabraut Kennaraháskólans. Í framhaldsnámi við Háskólann á Akureyri voru fimm námskeið í boði haustið 2002 og var ákveðið að bera þau ekki saman við námskeið í framhaldsdeild Kennaraháskólans.

Einkunnir eru að meðaltali hærrí í Kennaraháskólanum en á Akureyri. Það munar 0,34 á meðaltali meðaleinkunna á grunnskólabrautum og 0,27 á leikskólabrautum. Í Kennaraháskólanum er meðaltal lægstu einkunna hærra en á sambærilegum brautum í Háskólanum á Akureyri og munar þar meiru á leikskólabraut en grunnskólabraut. Meðaltal hæstu einkunna er aftur á móti hærra á leikskólabraut Háskólans á Akureyri en sömu braut við Kennaraháskóla Íslands og litlu munar á meðaltölum hæstu einkunna á grunnskólabraut.

Dreifing einkunna er meiri á Akureyri en í Kennaraháskólanum, meðaltal staðalfrávik er 0,89 á Akureyri en 0,74 í Kennaraháskólanum. Þetta er nokkur munur og vert að hafa í huga að lítil dreifing einkunna dregur úr áreiðanleika þeirra, þ.e.a.s. ekki er víst að röðun nemenda yrði sú sama ef prófað yrði aftur. Það er því vert umhugsunarefni að dreifing einkunna er lítil í Kennaraháskólanum sem leiðir til þess að flestir nemendur fá svipaðar einkunnir. Að vísu er þetta einungis áhyggjuefni ef nemendur hafa tileinkað sér misvel þau markmið sem stefnt var að með náminu en séu þeir í raun allir eins þarf ekki að hafa áhyggjur af lítilli dreifingu.

## **Einkunnir við Kennaraháskóla Íslands – Samantekt**

- Haustið 2002 eru hæstu meðaleinkunnir á tómsundabraut (8,63) og lægstu meðaleinkunnir eru á þroskaþjálfabraut (7,39). Á grunnskólabraut eru meðaltöl meðaleinkunna 8,03 og í framhaldsdeild eru þau 8,06.
- Meðaleinkunnir í grunndeild fara oftast hækkandi eftir því sem líður á námið, en þó eru undantekningar frá því. Á kennsluréttindabraut og íþróttabraut er þessu öfugt farið. Á íþróttabraut eru meðaltöl lægstu einkunna langlægst á 5. misseri eða 3,75.
- Í framhaldsdeild eru meðaltöl nokkuð breytileg eftir námskeiðsflokkum og sömu sögu eru að segja um dreifingu einkunna. Í flokki 31 er áberandi mestur munur á meðaltali hæstu einkunna annars vegar (9,5) og lægstu einkunna hins vegar (2,5).
- Mikill meiri hluta nemenda við Kennaraháskóla Íslands fær 1. einkunn. Algengustu einkunnir eru 8,5 á grunnskólabraut, 8 á íþróttá- kennsluréttinda- leiskóla- og þroskaþjálfabrautum, einnig í framhaldsdeild og í diplómanámi á leiskólabraut, en 9 er algengasta einkunn í diplómanámi á tómsundabraut.
- Raunverulegar falleinkunnir eru sjaldgæfar.
- Meðaleinkunnir eru að jafnaði hærri við Kennaraháskóla Íslands en kennaradeild Háskólans á Akureyri og dreifing minni.



## VI. Viðhorf nemenda til námsmats

Efni þessa kafla:

- Hverjir spurðir, fjöldi, hvenær lagt fyrir
- Hefðbundin, skrifleg próf og framkvæmd þeirra
- Munnleg próf og verkleg próf
- Heimapróf
- Einstaklingsverkefni og hópverkefni
- Annað er tengist námsmati við skólann


Vorið 2003 var útbúinn spurningalisti með 37 spurningum um viðhorf nemenda til námsmats við Kennaraháskóla Íslands. Listinn var lagður fyrir útskriftarnema þegar þeir skiluðu inn lokaverkefnum sínum á skrifstofu skólans vorið 2002. Svör bárust frá um 40% eða 137 nemum af 340, þar af 105 í staðbundnu námi og 31 í fjarnámi. Einn sagðist vera bæði í stað- og fjarnámi. Um var að ræða nafnlausu könnun þar sem leitað var eftir afstöðu útskriftarnema til hefðbundinna prófa, munnlegra prófa, verklegra prófa og heimaprófa. Einnig var könnuð afstaða þeirra til verkefna, bæði einstaklingsverkefna og hópverkefna og ýmissa annarra þátta í námsmati.

Svarendur voru 19 karlar og 118 konur og skiptust þannig eftir brautum: Af grunnskólabraut voru 62, leikskólabraut 25, íþróttabraut 19, tómstundabraut 15, þroskaþjálfabraut 13 og 2 af kennsluréttindabraut. Einn svaraði ekki af hvaða braut hann var. Aldursskipting svarenda var þannig að 56 voru á aldrinum 20-25 ára, 30 á aldrinum 26-30 ára, 26 voru á aldrinum 31-35 ára, 8 á aldrinum 36-40 ára og svarendur á aldrinum 40 ára eða eldri voru 17.

### 6.1 Hefðbundin próf og fyrirkomulag þeirra


Spurt var um ýmislegt er tengist hefðbundnum, skriflegum prófum. Fyrstu þrjár spurningarnar um próf tengdust tímalengd þeirra. Í ljós koma að flestir telja eðlilega lengd skriflegs prófs á 2 eininga námskeiði sem gildir 60% af einkunn vera 2-3 klukkustundir eða 81% þeirra sem svöruðu.

Mynd 6.1. Afstaða útskriftarnema til tímalengdar prófa




Í framhaldi af því voru nemar spurðir hvort þeir lentu í tímahraki í prófum. Svo virðist sem það komi sjaldan fyrir. Að vísu segjast tæp 20% lenda stundum í tímahraki, en rúm 60% lenda sjaldan eða aldrei í tímahraki.

Mynd 6.2. Hlutfall útskriftarnema sem telur sig hafa lent í tímahraki í prófum




Þegar nemendur eru spurðir hvort þeir nýti allan próftímann dreifast svörin mikið. Flestir eða rúm 25% segjast alltaf nýta hann, en rúm 30% segjast aldrei, sjaldan eða stundum gera það.

Mynd 6.3. Nýting próftíma




Í hefðbundnum skriflegum prófum er venjan að kennarar eða umsjónarmenn námskeiða líti inn í prófstofur annað slagið til að svara spurningum ef eitthvað orkar tvímælis eða þarfnast skýringa. Nemar voru spurðir álíts á þessu. Rúmur helmingur svarenda telur að kennarar eigi að líta inn 3-4 sinnum á meðan próf stendur yfir, en um 23% telja nóg að kennarar líti inn einu sinni til tvisvar. Um 17% nemenda vilja sjá kennara alloft, það er 5-6 sinnum eða oftar, á meðan próf standa yfir.

Mynd 6.4. Afstaða til þess að kennarar líti inn þegar próf stendur yfir




Spurt var um afstöðu útskriftarnema til hlutfalls prófa í námskeiðum. Afgerandi meiri hluti, eða um 64%, telur hlutfall námskeiða er lýkur með prófi vera mátulegt.


Mynd 6.5. Viðhorf útskriftarnema til þess að námskeiðum ljúki með prófi



Mynd 6.6. Afstaða til tímasetninga prófa




Mynd 6.7. Prófskoðun eftir að einkunnir hafa verið birtar




## 6.2 Munnleg próf og verkleg próf

Af námskeiðslýsingum í Náms- og kennsluskra og kennsluáætlunum að dæma, er ekki mikið um munnleg próf eða verkleg. Þegar nemar voru spurðir hversu oft þeir hefðu tekið munnleg próf kom í ljós að um helmingur hafði aldrei gert það og um þriðjungur einu sinni eða tvisvar.

Mynd 6.8. Tíðni munnlegra prófa




Mynd 6.9. Afstaða til fjölgunar munnlegra prófa




Tæp 60% aðspurðra segjast aldrei hafa tekið verkleg próf, en um 20% hafa tekið verkleg próf oft, þ.e. 5-6 sinnum eða oftar.

Mynd 6.10. Tíðni verklegra prófa



Allmargir virðast aðhyllast fjölgun verklegra prófa eða tæp 30% aðspurðra og 42% segjast hlutlaus í afstöðu sinni til þess.

Mynd 6.11. Afstaða til fjölgunar verklegra prófa




### 6.3 Heimapróf

Í þriðja kafla er fjallað um heimapróf, einkum reynslu af þeim og afstöðu 22 kennara til þeirra. Þar láta þeir kennarar í ljós skoðanir sínar á kostum og göllum þessa fyrirkomulags á námsmati, sem hafa reynslu af notkun þeirra. Ýmis atriði eru nefnd, s.s. aukin þægindi fyrir nemendur, nemar læri betur og þau spari tíma og fyrirhöfn. Á móti eru nefndir ókostir, svo sem það að þau geri minni kröfur til nemenda, erfitt sé að fyrirbyggja svindl og takmarkað sé, hvað unnt sé að prófa.


Nemar voru einnig spurðir um reynslu þeirra af heimaprófum, um hugsanlega kosti þeirra og galla og hvað þeir teldu eðlilega tímalengd heimaprófs á 2 eininga námskeiði.

Mynd 6.12a. Reynsla útskrifarnema af heimaprófum



Þegar nemar voru spurðir hvað þeir teldu eðlilega tímalengd í heimaprófi voru svör breytileg. Flestir töldu þó sólarhringinn vera næst lagi. En tæp 40% telja einn vinnudag eða skemmri tíma nægja, þ.e. allt frá 2 klukkustundum til 8 klukkustunda.


Mynd 6.12b. Viðhorf til umfangs heimaprófa



Lagðar voru tvær opnar spurningar fyrir útskriftarnemana um heimapróf, annar vegar um hugsanlega kosti þeirra og hins vegar um hugsanlega galla þeirra. Svörin voru flokkuð og greind. Niðurstöður koma fram á myndum 6.13 og 6.14.


Varðandi kosti heimaprófa þá nefna langflestir þægilegri aðstæður og minna álag (minna stress). Nefna einnig að þeir læri meira þegar heimapróf séu annars vegar og þau séu því markvissari en hefðbundin próf. Loks er það nefnt sem kostur við heimapróf að þar sé gefinn lengri próftími.

Mynd 6.13. Kostir heimaprófa að mati útskriftarnema



Þegar nemandur er spurður um helstu galla heimaprófa nefna flestir að um sé að ræða erfiðara prófform, prófin séu of löng og nokkrir nefna einnig þann ókost að auðvelt sé að svindla.

Mynd 6.14. Gallar heimaprófa að mati útskriftarnema




#### 6.4 Einstaklingsverkefni og hópverkefni

Eins og kemur fram í fyrri köflum þessarar skýrslu, þá vega verkefni langmest í námsmati við Kennaraháskóla Íslands. Þau geta verið margbreytileg að gerð og eðli, hópverkefni eru algeng, en einnig er talsvert um einstaklingsverkefni. Lagðar voru nokkrar spurningar fyrir útskriftarnema þar sem leitað var eftir reynslu þeirra og viðhorfum gagnvart verkefnum.


Þegar spurt er um áherslu á hópverkefni kemur í ljós að helmingur telur hana mátulega. En vissulega er vert að gefa því gaum að um 45% svarenda telja að hún sé mikil eða of mikil.

Mynd 6.15. Viðhorf til hópverkefna




Svipaða sögu er að segja þegar spurt er um hlutfall hópverkefna miðað við einstaklingsverkefni.

Mynd 6.16. Hlutfall hópverkefna miðað við einstaklingsverkefni



Mynd 6.17 Verkefnaálag á námskeiðum




Eins og sést á mynd 6.17 telja um 53% útskriftarnema hafa verið mikið eða of mikið álag við úrlausn verkefna í náminu við Kennaraháskóla Íslands. Vert er að horfa á þetta í




samhengi við næstu tvær spurningar á undan þar sem talsverður hluti þeirra telur að áhersla á hópverkefni sé of mikil.

Mynd 6.18. Tengsl verkefna við efni námskeiða



Langalgengasta fyrirkomulag á endurgjöf verkefna er talnaeinkunn og umsögn.

Mynd 6.19. Fyrirkomulag á endurgjöf verkefna.




## 6.5 Annað er tengist námsmati

Útskriftarnemar 2002 voru spurðir ýmissa annarra spurninga er tengjast námsmati við skólann. Spurt var um magn lesefnis á námskeiðum, skil kennara á niðurstöðum námsmats og einkunnir við Kennaraháskólann. Niðurstöður koma fram á myndum 6.20 til 6.22.


Enn fremur var nemum boðið að lýsa ánægju sinni eða óánægju með ákveðna þætti námsmats við Kennaraháskóla Íslands. Þar merktu þeir við á kvarðanum 1-5 þar sem 1 merkti minnsta ánægju og 5 mesta ánægju. Niðurstöður koma fram á myndum 6.23 til 6.30.

Loks voru lagðar fyrir tvær opnar spurningar, önnur þar sem útskriftarnemum var boðið að nefna þætti í fyrirkomulagi námsmats við skólann sem þeim þætti nauðsynlegt að breyta og hin þar sem þeim var frjálst að nefna það sem þeir vildu koma á framfæri.

Mynd 6.20. Magn lesefnis á námskeiðum




Mynd 6.21. Skil kennara á niðurstöðum mats



Eins og komið hefur fram hér á undan í kafla um einkunnir og einkunnadreifingu, þá er því ekki að neita að einkunnir liggja að jafnaði hátt í námsmati við Kennaraháskóla Íslands. Eins og kemur fram á mynd 6.22 er meiri hluti svarenda þeirrar skoðunar að einkunnir séu sanngjarnar, sem gefur til kynna að þær teljist a.m.k. ekki óeðlilega lágur. En rétt er að vekja athygli á að 16% svarenda telja þær of háar eða allt of háar, en innan við 3% telja þær of lágur.

Mynd 6.22. Viðhorf til einkunna við Kennaraháskóla Íslands.



Tafla 6.1. Ánægja / óánægja útskriftarnema 2002 með afmarkaða þætti í námsmati við Kennaraháskóla Íslands.

Í spurningalista sem lagður var fyrir 137 útskriftarnema var þeim boðið að lýsa ánægju sinni eða óánægju með því að merkja við á kvarðanum 1-5, þar sem 1 merkti minnst ánægja og 5 mest ánægja.

Númer spurningar	Spurning	1	2	3	4	5	Veit ekki/sv. ekki
29	Hversu ánægð(ur) ertu með framkvæmd prófa?	3	7	54	<b>46</b>	18	9
30	Hversu ánægð(ur) ertu með prófyfirsetu?	2	19	<b>40</b>	36	19	21
31	Hversu ánægð(ur) ertu með næði á prófstað?	7	19	30	<b>43</b>	19	19
32	Hversu ánægð(ur) ertu með vægi prófa og verkefna þar sem er blandað námsmat?	4	10	<b>60</b>	43	7	13
33	Hversu ánægð(ur) ertu með fyrirkomulag heimaprófa?	1	4	20	<b>30</b>	25	57
34	Hversu ánægð(ur) ertu með fyrirkomulag munnlegra prófa?	8	5	<b>20</b>	9	6	89
35	Hversu ánægð(ur) ertu með fyrirkomulag verklegra prófa?	1	5	21	<b>22</b>	11	77
36	Þegar á heildina er litið, hversu ánægð(ur) ertu með námsmat við Kennaraháskólann?	1	5	36	<b>63</b>	26	6
	Samtals	27	74	281	292	131	291
	Hlutfall	2,5%	6,8%	25,6%	26,6%	12,0%	26,6%

Svör við opnum spurningum:

**Spurning 37:**

***Eru einhverjir þættir í fyrirkomulagi námsmats við Kennaraháskólann sem þér finnst nauðsynlegt að breyta?***

- Fá að meta alla áfanga.
- Námsmat mætti ná yfir önnina, símat, jafnvel nota ferilmöppur í kennslu og nota mismunandi matsaðferðir.
- Já, hafa verkleg próf í verklegum greinum.
- Kennarar ættu að reyna að samhæfa einkunnagjöf. Margir kennarar gefa of hátt og sumir of lágt.
- Mér finnst einkunnir vera of háar. Námsmat oft óskýrt.
- Vinna í formi verkefna er oft margfalt meiri heldur en prófundirbúningur, verkefni eru oft of viðamikil miðað við tíma fyrir þau (þ.e. vinnu þeirra).
- Kennarar mættu sýna meiri virðingu á skiladögum.
- Fleiri heimapróf. Kennarar skikkaðir til að skila einkunnum á réttum tíma, rétt eins og nemendur.
- Samræma próflengd samkvæmt einingafjölda fagsins og verkefni á hverri önn.
- Við í fjarnámi stöndum mjög höllum fæti og mætum afgangi, seint og um síðir.
- Miðað við verkefnaálag í skólum eins og HÍ og Bifröst er ekki annað hægt að segja að þessi skóli hefur verið frekar auðveldur. Samfélagsfræði hefur einnig verið mjög illa skipulagt og hálfklúðurslegt, fyrir utan kristinfræðina sem staðið hefur uppúr.
- Það þarf virkilega að endurskoða skipulag þeirra í íþróttaskor - fjarnáminu. Hefðu þeir meiri metnað og betra skipulag væri hægt að spara mikinn tíma hjá nemendum. Sum fög þar eru metnaðarlaus hjá kennara og þeir hafa lítinn tíma fyrir fjarnámið.
- Mætti vera minna af ritgerðum sem gilda til námsmats ... Of háar einkunnir gefnar við skólann. Veit ekki hvort það er kostur eða galli.
- Meira vettvangsnám - ef til vill.
- Tengja námið betur við það sem er að gerast í grunnskólunum.
- Verður að vera skrifleg umsögn í öllum tilfellum.
- Í sumum tilfellum finnst mér námsmat fara eftir geðþóttaákvörðunum kennara þ.e.a.s. í nokkrum námskeiðum er ekki gefið upp hvað hvert verkefni gildir í %.
- Þarf að gera auknar kröfur til nemenda eftir því sem líður á námið - ekki að við þurfum að læra e-ð nýtt þegar kemur að lokaverkefninu!
- Kennarar og starfsfólk þarf að vita meira um rétt nemenda sem eru lesblindir eða eiga í erfiðleikum með próf og slíkt.
- Það viðist vera mjög misjöfn vinna sem ætlast er til að nemendur leggi á sig fyrir hverja einingu.
- Vægi B.Ed lokaritgerðar ætti að vera meira.
- Já, að það sé jafnt á bak við hverja einingu. Eins og er, er mikið ósamræmi þar á.

***Spurning 38:***

***Annað sem nemandur vilja taka fram:***

- Takk fyrir mig!
- Þetta er svo misjafnt eftir áföngum.
- Allt hefur þegar komið fram í mati.
- Símat mætti vera stærri þáttur - skipulag námskeiða þarf að bæta gríðarlega.
- Nei :-)
- Kannski ekki allir en, margt þarf að skoða þarna betur.
- Lengja námið um 1 ár, hafa 4 ár í stað 3.
- Gott væri að námskeið væru fyrirfram ákveðin, sum oft ekki alveg tilbúin. Sem leiðir oft til þess að mikil óreiða ríkir og verkefni koma á vissan hátt seint. Keyra á verkefni jafnt og þétt alla önnina og hafa 2. vikuna upplestrarfrí eins og er í HÍ.

## VII. Umræða

---

### Efni þessa kafla:

- **Megináherslur í námsmati við Kennaraháskóla Íslands**
- **Könnun haustið 2002**
- **Er námsmat við Kennaraháskóla Íslands í góðu samræmi við eðli náms og kennslu við stofnunina?**
- **Um meðaltöl einkunna og dreifingu þeirra**
- **Helstu niðurstöður umræðuhópa á misserisþingi 23. febrúar 2004**

Fæstir geta andmælt því að umræða um námsmat er flókin og full af álitamálum, sama hvaða skólastig um ræðir. Á svonefndri NERA-ráðstefnu, sem haldin var í Kennaraháskóla Íslands í mars 2004 bar námsmat oft á góma og er ljóst af umræðum þar að fjölbreytilegar matsaðferðir, mismunandi tilgangur og inntakspættir er það sem augu fólks beinast að. Litið er á námsmat sem ómissandi þátt í námsferlinu þar sem það virkar sem hvati, endurgjöf, leiðsögn og leið til að greina styrkleika og veikleika, auk hefðbundins hlutverks þess að virka sem vottun eða staðfesting við lok námstíma um það hversu vel nemandi hefur tileinkað sér þá þekkingu og færni sem markmið kveða á um.

Nám við Kennaraháskóla Íslands er það margbreytilegt og flókið, að námsmat við skólann hlýtur að vera víðtækt hvað varðar inntak og aðferðir, enda sé gert ráð fyrir að nemendur öðlist verklega færni í fjölbreytilegum uppeldis-, umönnunar- og menntunarstörfum, jafnframt því að öðlast víðtæka fræðilega þekkingu á sviðum menntunar og uppeldis.

Samkvæmt Náms- og kennsluskra Kennaraháskóla Íslands er tilgreindur tvíþættur tilgangur námsmats við skólann. Annars vegar að veita nemendum upplýsingar um gengi og árangur í námi og örva þá til dáða. Hins vegar hefur námsmat það hlutverk að vera vottun skólans um að nemandi hafi tileinkað sér lágmarksþekkingu og færni á tilteknu sviði. Matið skal byggja á traustum og fjölþættum gögnum svo tryggja megi eftir föngum að niðurstöður séu réttmætar og framkvæmd tryggi sem mestan áreiðanleika. Minnt er á nauðsyn þess að markmið í hverju námskeiði séu sett fram með skýrum hætti og útskýrt fyrir nemendum hvað í þeim felist enda sé mikilvægt að skýr tengsl séu milli þeirra og námsmats í viðkomandi námskeiði, þar sem viðmið séu að jafnaði markbundin.

Gert er ráð fyrir að námsmatið fari fram bæði á meðan á námi stendur og við lok hvers skilgreinds áfanga. Í fyrri tilvikinu sé mikilvægt að námsmati fylgi upplýsingar um hvað tókst vel og leiðbeiningar um hvað megi betur fara. Í síðara tilvikinu er nauðsynlegt að nemendum sé ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar niðurstöðum námsmats. Til að standast hvert einstakt námskeið þarf lágmarkseinkunn 5. Í námskeiðum þar sem námsmat er bæði byggt á prófum og verkefnum þarf lágmarkseinkunn 5 í hvorum þætti fyrir sig. Í námskeiðum sem skipulögð eru í sjálfstæðum þáttum er heimilt að fara fram á að stúdentar standist lágmarkskröfur í hverjum þætti fyrir sig. Einkunnir eru gefnar í heilum og hálfum tölum á bilinu 0 til 10. Í einstökum tilvikum lýkur námskeiði með vitnisburðinum lokið / ólokið.

Námsmat getur byggst á skriflegum, munnlegum eða verklegum prófum, ritgerðum eða verkefnum. Enn fremur er heimilt að meta starf í kennslustundum sem hluta af námsmati í einstökum námskeiðum.

### **Könnun haustið 2002**

Með könnun haustið 2002 var reynt að draga upp mynd af námsmati við Kennaraháskóla Íslands í ljósi framangreindrar lýsingar. Leitað var svara við því hvort matsaðferðir við skólann væru í góðu samræmi við eðli þess náms sem þar fer fram, hvernig framkvæmd námsmats væri háttáð, hvernig einkunnir dreifðust auk ýmissa annarra atriða sem áhugavert þótti að afla vitneskju um. Tilgangurinn var að leita að veikleikum og styrkleikum í námsmati, gefa starfsfólki svo tækifæri til að ræða þá á misserisþingi og koma loks með tillögur um úrbætur þar sem hægt var að koma þeim við. Það skal áréttað að könnunin var framkvæmd á einum tímamarki, haustið 2002, og hún gefur því einungis mynd af námsmatinu eins og það var þá.

Hér er fjallað stuttlega um helstu niðurstöður, varpað fram spurningum og dregnar saman tillögur sem komið hafa fram um úrbætur. Fyrst er velt upp spurningunni *hvort námsmat við Kennaraháskólann sé í þokkalegu samræmi við eðli náms og kennslu við stofnunina*. Þar er fyrst og fremst horft á inntak og aðferðir í námsmati. Í öðru lagi er fjallað um *einkunnir og dreifingu þeirra*. Loks eru *reifaðar nokkrar meginniðurstöður umræðuhópa frá misserisþingi 23. febrúar 2004*. Inn í hvern kafla eru settar fram *hugmyndir um hvernig megi bæta framkvæmd námsmats, stjórnun þess og umsýslu*.

Í textanum fylgja stundum orð á ensku til nánari skýringa. Ástæðan er sú að í sumum tilvikum vantar vandaðar þýðingar á íslensku og þar af leiðandi þykja ensku orðin hjálpa svo merking skili sér.

### **Er námsmat við Kennaraháskóla Íslands í góðu samræmi við eðli náms og kennslu við stofnunina?**

Eins og þegar hefur komið fram, þá er námsmat óhjákvæmilega bæði margbreytilegt og flókið við menntastofnun eins og Kennaraháskóla Íslands. Gert er ráð fyrir að nemendur, er útskrifast frá skólanum, hafi öðlast ýmiss konar verklega færni, geti rökstutt faglegar ákvarðanir sínar með vísan í fræðilega þekkingu og reynslu, hafi tamið sér gagnrýna hugsun, víðsýni og umburðarlyndi, hafi öðlast leikni í alls kyns upplýsingaöflun og úrvinnslu, kynnst aðferðum rannsókna og öðlast færni í að lesa úr rannsóknaniðurstöðum. Jafnframt þurfa þeir að hafa öðlast góðan félagslegan og tilfinningalegan þroska og færni í flóknum og fjölbreytilegum samskiptum og samvinnu. Í menntun kennara og annarra verðandi sérfræðinga í uppeldisvísindum tvinnast þannig saman bókvit, verkvit og siðvit.

Meginspurningin sem hér var velt upp er eftirfarandi: *Er námsmat við Kennaraháskóla Íslands í samræmi við þessar áherslur?* Í fyrsta lagi gefa niðurstöður könnunarinnar vísbendingar um að námsmat sé of fábreytt miðað við þann fjölbreytileika í áherslum sem lýst er hér á undan. Í öðru lagi virðist ekki alltaf ljóst hvenær um er að ræða

leiðsagnarmat og hvenær lokamat. Í þriðja lagi er stöðugleiki upplýsinga, sem fram koma um námsmat í námslýsingum ekki alltaf nægur, þ.e. fyrirkomulag námsmats breytist stundum frá því sem kemur fram í námskeiðslýsingu. Í fjórða lagi þarf að huga að prófagerð, stuðla að meiri fjölbreytni prófa, bæði hvað varðar framkvæmd og útfærslur og einnig hvað varðar innihald þeirra og gerðir prófatriða. Hugsanlega mætti setja viðmið um gerð skriflegra prófa miðað við ákveðnar forsendur til að ná sem mestu réttmæti og áreiðanleika. Efla þarf þátt verklegra prófa og verklegs mats (*performance-based assessment*) og reyndar annarra kosta en hefðbundinna prófa, t.d. heildræns eða rauntengds mats (*authentic assessment*). Síðast en ekki síst þarf að vera ljóst hverju sinni hvaða kröfur eru gerðar um námsárangur og hvernig kennarar hyggjast beita víðtæku, greinandi námsmati til að leggja mat á hann.

Hér er með öðrum orðum tekið á spurningum um framkvæmd, matsaðferðir og tækni við námsmat annars vegar og hins vegar er hugað að matsþáttum, þ.e. hversu vel þeir endurspeglar hin fjölbreytilegu náms- og kennslumarkmið.

**Fábreytt námsmat?** Tvenns konar fyrirkomulag námsmats er langalgengast. Annars vegar eru námskeið sem byggjast á prófi og verkefnum saman, en hins vegar eru námskeið, þar sem einvörðungu er byggt á verkefnum. Þessi tvö meginþing eru álíka algeng. Þar sem próf komu fyrir voru þau langoftast skrifleg og lögð fyrir á prófstað innan hefðbundinna tímamarka (84% námskeiða), en skrifleg heimapróf hafa verið að sækja á (6,8% námskeiða) og í tæpum 10% námskeiða er um að ræða munnleg eða verkleg próf. Í skriflegum prófum eru stuttar eða langar ritgerðaspurningar ríkjandi og þar virðist reyna mest á staðreyndabekkingu, en minna t.d. á eigin röksemdafærslu, gagnrýna hugsun og færni til úrlausna rauntengdra vandamála.

Vægi verkefna í námsmati við Kennaraháskólann er mikið, en í námskeiðslýsingar skortir oft upplýsingar um fyrirkomulag þeirra, hvort um er að ræða einstaklings- eða hópverkefni, hvernig þau skuli unnin og hvernig fyrirgjöf og endurgjöf skuli háttáð. Oft vantar upplýsingar um matsviðmið og kröfur til að standast verkefni og hvernig skilum þeirra skuli hagað. Lýsingar á verkefnum eru misjafnar og oft erfitt að lesa úr þeim hvernig námsmati er hagað. Þessi staða vekur upp spurningar um hvort ekki sé æskilegt að setja viðmið um hvað skuli koma fram um námsmat í kennsluáætlunum. Þegar um verkefni er að ræða komi fram upplýsingar um vægi þeirra, hvort um einstaklings- eða hópverkefni sé að ræða, hvaða þættir (*learning outcomes*) séu metnir og hvernig endurgjöf og fyrirgjöf sé háttáð. Þegar hið síðastnefnda er til skoðunar hlýtur að þurfa að vera ljóst hvort um leiðsagnarmat (*formative assessment*) sé að ræða eða lokamat (*summative assessment*) sem hefur áhrif á lokaeinkunn í viðkomandi námskeiði.

Þegar útskriftarnemar eru spurðir um fyrirkomulag verkefna telja allmargir að hlutfall hópverkefna miðað við einstaklingsverkefni sé fullmikið, en þeir telja verkefni yfirleitt tengjast efni námskeiða vel eða mátulega. Lagt er til að könnun verði gerð meðal kennara á reynslu þeirra af hópverkefnum og einstaklingsverkefnum, hvaða þættir reynist vel og hvaða þætti þurfi að laga.



**Leiðsagnarmat eða lokamat?** Eins og áður kemur fram getur tilgangur námsmats verið tvenns konar og samkvæmt Náms- og kennsluskrá er mikilvægt að bæði kennarar og nemendur hafi þetta í huga. Annars vegar sem leiðsögn, endurgjöf og hvatning til frekara náms, hins vegar vottun um námsárangur að loknum námstíma. Það kom fram bæði í verkefnalýsingum og einnig í umræðuhópum á misserisþinginu 23. febrúar að kennarar blanda þessu tvennu stundum saman og ekki er alltaf skýrt hvaða reglum er fylgt í þeim efnum. Þetta birtist til dæmis í því að fléttað er saman sjálfsmati, jafningjamati og kennaramati á meðan á námsferli stendur og einnig í því að kennarar segjast stundum gefa nemendum ábendingar um hvað má betur fara í verkefnum og veita tækifæri til að lagfæra áður en lokaeinkunn er gefin. Marka þarf skýra stefnu í því hvort og þá hvernig skuli blanda saman leiðsagnarmati og lokamati. Dæmi: Hópverkefni eða einstaklingsverkefni vegur t.a.m. 30% í lokaeinkunn námskeiðs, það er leyst samkvæmt verkefnalýsingu og þar til greindum viðmiðum og því svo skilað fyrir ákveðinn eindaga og fyrir það gefin einkunn. Mælt er til að í slíku tilviki sé gefin lokaeinkunn samkvæmt matsviðmiðum (*rubrics*) eins og gefin eru dæmi um í Náms- og kennsluskrá 2004, bls. 19. Þessi lokaeinkunn gildi síðan óbreytt (lokamat), en þegar verkefninu sé skilað metnu til baka fylgi ábendingar um hvað betur hefði mátt fara (leiðsagnarmat) og þar sé fylgt viðmiðum sem skólinn setur sér, enda á leiðsagnarmat að hafa yfirlýsingar, t.d. hvað varðar heimildanotkun og fleira.

**Stöðugleiki upplýsinga.** Í könnuninni 2002 kom í ljós að upplýsingar um námsmat í námskeiðslýsingum voru stundum óljósar og óstöðugar. Upp komu dæmi um að lokapróf, sem tilgreind voru í lýsinum, rötuðu ekki inn á próftöflu hjá prófstjóra í lok misseris eða breyttust jafnvel úr hefðbundnu prófi í heimapróf eða verkefni. Enn fremur orkuðu ákveðin atriði í lýsingum tvímælis, t.d. hvað varðaði umfang verkefna, hvort um hóp- eða einstaklingsverkefni var að ræða og hvernig skyldi ganga frá verkefnum sem átti að skila. Hér er lagt til að sett verði viðmið um hvað skuli koma fram um námsmat í kennsluáætlunum og námslýsingum. Í þessum viðmiðum komi fram vægi verkefna og prófa, fyrirkomulag verkefna, hvaða þætti áhersla er lögð á að meta, matsaðferðir, viðmið við mat og skiladagar. Sjái kennari eða kennarar námskeiðs þörf á að sveigja frá eða breyta námsmati sé það tilkynnt og rökstutt gagnvart nemendum námskeiðsins með skýrum hætti og góðum fyrirvara. Einnig sé brautarstjóri látinn vita um breytingarnar og prófstjóri þar sem það á við.

**Gerð og framkvæmd prófa.** Í skriflegum prófum komu stuttar ritgerðaspurningar og lengri ritgerðaspurningar langoftast fyrir, en jafnframt var talsvert notað af fjölvalsspurningum. Í prófsspurningum reyndi mest á staðreyndaþekkingu, en minnst á viðhorf og röksemdafærslu. Í heimaprófum komu lengri ritgerðaspurningar langoftast fyrir og kennarar, sem reynslu hafa af fyrirlögn þeirra, töldu að vanda þyrfti gerð þeirra og auka fjölbreytni prófatriða. Útskriftarnemar töldu margir að heimapróf gæfu möguleika á raunhæfara mati en hefðbundin próf á prófstað. Hlutfallslega fleiri útskriftarnemar eru fylgjandi verklegum prófum en munnlegum. Ef til vill er æskilegt að koma upp viðmiðum um gerð prófa, sem kennarar geta stuðst við, t.d. í líkingu við flokkunarkerfi Blooms og félaga (1956), og það mátað við þær megináherslur í námi og kennslu sem nefndar voru hér á undan, þ.e. áherslur á bókvit, verkvit og siðvit.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar virðist þurfa að taka heimapróf til gagnerrar endurskoðunar. Þar þarf að svara spurningum um innihald, fyrirlögn, tímalengd og erfið úrlausnarefni sem allmargir nefndu, þ.e. hugsanlegt svindl. Hér, eins og víðar í námsmati við skólann, þarf að gera skýran greinarmun á leiðsagnarmati og lokamati.

Loks þarf að skoða betur þátt munnlegra og verklegra prófa í námsmati, bæði leiðsagnarmati og lokamati. Frammistöðumat (*performance-based assessment*) og færni nemenda í að tjá sig um viðfangsefni sín, hljóta að þurfa að veða allnokkuð í slíku námi sem fram fer við Kennaraháskóla Íslands.

**Kröfur um námsárangur.** Beita þarf mjög fjölbreytilegum aðferðum við mat á námi og kennslu við stofnun eins og Kennaraháskóla Íslands, þar sem áherslur eru svo fjölbreytilegar og margslungnar sem raun ber vitni. Það þarf að ná til fjölmargra markmiða og inntakspáttu svo nægilegu réttmæti verði náð. Eins og kemur fram í kafla hér á eftir um einkunnir og dreifingu þeirra felast í niðurstöðum vísbendingar um að kröfur um kunnáttu og færni séu hugsanlega ekki nógu miklar eða að minnsta kosti stundum óljósar þegar kemur að framkvæmd námsmats. Meðaltöl einkunna eru há og dreifing lítil. Lagt er til að kennarar skilgreini eins og kostur er fyrirhugaðan námsafkastur (*intended learning outcomes*) sem leggja á til grundvallar í hverju námskeiði. Tilgreina þarf skýr markmið, hvort sem þau eru fræðilegs og þekkingarlegs eðlis, verklegs eða siðræns eðlis og velja svo sem öruggastar matsaðferðir til að ná til þeirra allra og greina hvort nemendur hafi náð þeim og þá í hve miklum mæli. Þessu þarf að fylgja fjölbreytni í námsmati og jafnframt sé gætt að réttmæti þess og áreiðanleika eins og kostur er.

## Um einkunnir og dreifingu þeirra

Vottun um að nemandi hafi tileinkað sér þekkingu og færni við lok námskeiða er nánast undantekningarlaust skráð með tölulegum einkunnum og varðveitt hjá Nemendaskrá skólans. Einkunnir eru gefnar í heilum og hálfum tölum á bilinu 0 til 10. Lágmarkseinkunn 5 þarf til að standast hvert einstakt námskeið og þar sem námsmat er byggt bæði á prófum og verkefnum þarf lágmarkseinkunn 5 í hvoru tveggja.

Þegar bornar voru saman einkunnir í staðbundnu námi og fjarnámi kom í ljós að þær voru jafnan örlítið hærrí í fjarnámi, þ.e. 7,97 en 7,75 í staðnámi og þær fara yfirleitt hækkandi þegar líður á námi. Til dæmis er meðaltal meðaleinkunna á grunnskólabraut 7,41 á 1. misseri og 8,32 á 5. misseri.

Það sem einkennir einkunnir í Kennaraháskólanum er hversu lítil dreifingin er. Það er því líklegt að áreiðanleiki þeirra sé lítill og að þær greini illa á milli nemenda, sérstaklega þeirra sem eru fyrir ofan meðallag. Það að algengasta einkunn sé 8, 8,5 eða 9 á brautum skólans bendir til ofnotkunar á hæstu tölum einkunnakvarða. Vissulega má vera að Kennaraháskóli fái nær eingöngu nemendur sem skarað hafa fram úr í námi, en þá ætti einnig að vera í lagi að auka kröfur og fá fram meiri dreifingu.

Það er líka umhugsunarefni hve lítið er um að nemendur fái fallelkunn. Því má álykta sem svo að þeir sem hefja hér nám, teljist allir ná þeirri færni og þekkingu sem þarf til að útskrifast með starfsréttindi á þeim sviðum sem skólinn menntar fólk til.

## VIII. Lokaorð

---

Ef tekið er mið af niðurstöðum, þá telja skýrsluhöfundar að umbóta sé þörf á nokkrum sviðum námsmats við Kennaraháskóla Íslands. Til dæmis er ljóst að bæta þarf kennsluáætlanir og námslýsingar, sér í lagi þátt námsmats í þeim. Prófagerð er fjölbreytileg en þó bendir margt til að þar þurfi að ræða og skoða fyrirkomulag betur. Það á jafnt við um hefðbundin skrifleg próf sem og heimapróf, munnleg próf og verkleg próf. Að vísu skilaði úttektin allgöðum upplýsingum um tvær fyrrnefndu prófagerðirnar, en lítið er vitað um þær síðar nefndu. Fyrirkomulag verkefna í námsmati kallar einnig á endurskoðun sbr. umræður á misserisþingi.

Það verður líklega alltaf álitamál hvað telst eðlileg dreifing og meðaltal einkunna í svo fjölbreytilegu námi sem hér er stundað, sbr. áherslur í markmiðum Kennaraháskóla Íslands þar sem bókvit, síðvit og verkvit eru höfð að leiðarljósi. Samt sem áður kemur í ljós að einkunnir liggja að jafnaði mjög hátt og dreifingin er lítil svo að áreiðanleiki er því líklega lítill.

Skýrsluhöfundar leggja til að kennarar og aðrir starfsmenn Kennaraháskóla Íslands, er málið varðar, ræði niðurstöðurnar eftir því sem aðstæður leyfa með eftirfarandi spurningar í huga. Umræðurnar fari a.m.k. fram í fagraðum, meðal stjórnenda og síðast en ekki síst meðal kennara sem kenna sömu námskeið eða svipuð námskeið.

### **Hvernig er fyrirkomulag námsmats kynnt?**

Hvaða háttur er almennt hafður á um kynningu og útskýringar námsmats og fyrirkomulags þess áður en námskeið hefjast, sbr. það sem segir um kröfur og annað í 1. og 2. kafla í Náms- og kennsluskrá Kennaraháskóla Íslands? Umræðurnar leiði til samræmds fyrirkomulags á námsmatslýsingum sem taki mið af þeim spurningum sem hér koma á eftir.

### **Hver er tilgangur námsmatsins?**

Eru allir, bæði kennarar námskeiða og nemendur, meðvitaðir um tilgang námsmatsins og hvernig hann birtist í framkvæmd, þ.e. matsatriðum, matsaðferðum, því hvenær er metið, hver metur og hvernig farið er með niðurstöður? Er t.d. rétt nógu skýrt um leiðsagnarmat annars vegar og lokamat (vottun um námsárangur að námskeiði loknu) hins vegar. Dæmi: Kennari leggur fyrir verkefni sem hefur vægið 20% í lokaekinn. Ef verkefnið er ekki nógu vel unnið þykir kennara ef til vill ástæða til að benda nemanda á það sem betur má fara (leiðsagnarmat). Er hugsanlegt hann leyfi nemanda að endurgera verkefnið og gefi svo einkunnina fyrir það (lokamat)? Sjá umræður um þetta á misserisþingi.

### **Hvað er metið?**

Hafa allir sömu sýn og viðhorf gagnvart því hvað er lagt til grundvallar í námsmati á hverju námskeiði? Í Náms- og kennsluskrá er vakin áherslu á hversu fjölbreytilegt námið við Kennaraháskólann er. Talað er um bókvit, síðvit og verkvit og ástæða þykir að hafa í huga einkunnarorð skólans, *Alíð við fólk og fræði*. Þetta hlýtur að leiða til þess að mat á náminu sé afar fjölbreytilegt, ekki síst það hvað kennarar leggja áherslu á að meta, t.d.

þekkingu, skilning, skapandi hugsun, verklega færni, listræna hæfileika, samskiptafærni, siðvit, viðhorf og fleira. Hvað er eðlilegt vægi í hverju tilviki o.s.frv. ?

### **Hvernig er matið?**

Er ástæða til að hafa minnislita yfir hið fjölbreytilega litróf námsmatsaðferða og tengja við tilgang námsmats? Hvar hentar að nota skrifleg próf og er þá þörf fyrir viðmið eða ábendingar um vandaða prófgerð? Hvar hentar að hafa verkleg próf, heimapróf eða munnleg próf? Hvernig er þá heppilegast að framkvæma þau? Hversu kerfisbundið? Með vitund og samvinnu við prófstjóra? Þarf að setja skýrari viðmið eða ábendingar um beitingu verkefna í námsmati? Hvenær er heppilegra að hafa einstaklingsverkefni og hvenær er heppilegra að hafa hópverkefni? Þarf að íhuga og ræða betur kosti og galla hvors fyrir sig? Hvernig má setja fram viðmið svo öllum sé ljóst hvernig verkefni eru metin (sbr. bls. 22 í Náms- og kennsluskrá)? Hvaða aðrar leiðir eru mögulegar í námsmati? Leiðarbækur, dagbækur, sýnismöppur, virkni í námi (samvinnu) o.s.frv.? Skiptir ekki máli að hafa í huga hver tilgangur námsmatsins er þegar aðferðir eru valdar (leiðsagnarmat eða vottun)?

### **Hver metur og hvenær er matið?**

Þarf ekki að huga að ólíkum leiðum þegar ákveða á hver á að meta og hvenær á að meta? Koma upp tilvik þar sem heppilegt getur verið að viðhafa sjálfsmat eða jafningjamat? Er stundum heppilegt að viðhafa samvinnu við aðra kennara um mat? Er matið formlegt (sérstaklega tímasett og uppstillt þannig að allir vita að mat er í gangi) eða óformlegt (samofið náminu og jafnan þannig að nemendum sé ekki ljóst hvenær mat er í gangi og hvenær ekki)?

### **Hvernig fást niðurstöður og hvernig eru þær birtar?**

Hvernig er vægi matsþátta í lokaekunn og/eða umsögn ákveðið og rökstutt? Ræða kennarar fyrirfram um væntingar sínar til meðaleinkunna, hæstu einkunna, lægstu einkunna og dreifingar einkunna? Er ástæða til að samræma viðmið um framsetningu umsagna um verkefni og annað sem lagt er til grundvallar mati?

### **Þarf að taka niðurstöður námsmats til skoðunar og ræða veikleika og styrkleika?**

Ábendingar hafa oft komið fram hjá kennurum um að ákveðnir veikleikar kæmu fram í færni, viðhorfum eða vinnubrögðum nemenda og þetta birtist einna skýrast þegar niðurstöður námsmats eru annars vegar. Dæmi: Bent hefur verið á að oft skorti á gagnrýna hugsun, rökstuðning með vísun í heimildir og fleira (sjá niðurstöður umræðuhópa á misserisþingi). Ýmislegt fleira kemur fram í námsmati á hinum mismunandi brautum og sviðum, sem gagnlegt gæti verið að skoða kerfisbundið. Þar er jafnframt ástæða til að draga fram styrkleika sem hugsanlega birtast einnig.

### **Einkunnir og dreifing þeirra.**

Þarf að taka sérstaklega til endurskoðunar tölulegar einkunnir, spönn þeirra og dreifingu? Hvaða leiðir eru vænlegastar í þeim efnum?

## IX. Viðauki

---

Niðurstöður úttektarinnar voru kynntar á misserisþingi 23. febrúar 2004. Að kynningu lokinni fóru fram umræður í hópum. Starfsmenn ræddu niðurstöðurnar í þremur umræðuhópum. Þar tóku þátt samtals 55 manns og voru niðurstöður skráðar. Hér á eftir er fyrst dregið á það helsta sem rætt var í hópunum og síðan helstu tillögur sem lesa mátti út úr niðurstöðum.

**Einkunnir og kröfur.** Allmargir telja það umhugsunarvert hvað einkunnir eru háar og dreifing þeirra lítil. Við erum augljóslega ekki að nota stóran hluta af einkunnakvarðanum og spurning er hvort það er eðlilegt. Tíðni hárra einkunna var m.a. líkt við vítahring, þegar kennarar væru einu sinni farnir að nota háar meðaleinkunnir þá væri erfitt að snúa aftur og kennarar hefðu augljóslega áhrif hver á annan; um leið og einn gæfi háar einkunnir væri líklegt að fleiri gerðu það líka. Spurt var hvort kennarar væru sjálfum sér samkvæmir í einkunnagjöf. Hvað merkir einkunnin 8 í hugum okkar? Í meðallagi gott eða afbragðsgott? Æskilegt er að allir hugi vel að matsviðmiðum og má þar styðjast við matskvarðann bls. 19 í Náms- og kennsluskrá og er æskilegt að allir og fylgja honum sem best við einkunnagjöf.

Kallað er á ítarlegri samanburð við einkunnir í sambærulegu námi við Háskólann á Akureyri og Háskóla Íslands. Þessar niðurstöður vekja spurningar um hvort kröfur eru nægjanlega miklar og námsmatið nógu greinandi. Vísað var í danska skýrslu, svonefnda KOM-skýrslu, sem Kristín Bjarnadóttir fjallar um í Netlu, þar kemur fram að hæstu einkunnir skuli vera fyrir afburðaverk.

Viðhorf nemenda til einkunna eru einnig umhugsunarefni; nefnd voru dæmi um að þeim þætti einkunnin 7,5 slök. Nemendur vilja fá háar einkunnir og hugsa sífellt um tölur, sætta sig ekki við lágar einkunnir og kæra ef einkunnir eru þeim ekki að skapi. Dæmi eru um að verkefni séu ekki jafn vandlega unnin ef fólk á von á því að fá lokið eða ólokið í stað talnaeinkunnar. Sumir láta nægja að ná, á meðan aðrir skila afburðaverkefnum. Og spurt var: Hverjar eru kröfurnar þegar gefið er lokið eða ólokið? Hvar eru mörkin? Einnig komu fram spurningar um hvort lægstu einkunnirnar væru örugglega teknar með í meðaltalsútreikningunum. Skoða mátti hvort einkunnir normaldreifist á þrengri skala en almennt gerist. Er það eitthvað sem þarfnast endurskoðunar?

Samræma þyrfti betur leiðbeiningar um námsmat. Núverandi viðmið eru ekki nægilega góð, því samkvæmt þeim geta meingölluð verkefni hæglega fengið 6,5. Nauðsynlegt er að gera matsviðmiðin ljós og greinandi. Nemendur þurfa að vita hvað við ætlum að meta. Óljóst er hvaða kröfur eru gerðar í námskeiðum. Miklu skiptir að kennarar séu meðvitaðir og reyni að leita nýrra leiða. Velt var upp spurningunni hvort kennarar við Kennaraháskóla Íslands þyrftu leiðbeiningar.

Fram kom það sjónarmið að nemendur fengju ekki tækifæri til að kafa nægilega djúpt í viðfangsefni í námi við Kennaraháskólann en einnig var bent á sérstöðu kennaranáms í þessu efni, námið sé í eðli sínu mjög fjölbreytt. Þar sé erfitt að setja saman margra eininga námskeið. Nefnt var dæmi um að nemendur ættu erfitt með að skilja að þeir þyrftu

að lesa fræðilegt efni í listgreinum og það hefði komið fyrir að allir hefðu verið lækkaðir í einkunn á línuna vegna þess að enginn hefði lesið námsefnið. Með því að nota leiðarbækur má fá meiri upplýsingar um hvort nemendur lesa eða ekki. Próf geta einnig verið svipa á að námsefni sé lesið. Dæmi eru um að færri en helmingur nemenda í námskeiði kaupi bækur sem þeim er ætlað að lesa. Velt var upp spurningunni hvort fyrirfyndust nemendur í kennaranámi sem skildu ekki ensku þótt þeir teldu sig geta lesið hana.

Stundum er óljóst hvaða kröfur eru gerðar í námskeiðum. Miklu skiptir að kennarar séu meðvitaðir og reyni að leita nýrra leiða. Það er ekki hægt að segja allt.

**Próf.** Endurskoða þarf hlutverk prófa í námsmati. Einnig þarf að huga vel að gerð prófa, fjölbreytni prófatriða og hvar takmörk prófa liggja, þ.e. hvaða matsatriða þau ná ekki til. Fram kom að nemendur væru uppteknir af prófum og það væri útbreiddur skilningur að mest væri að marka próf. Ekki var mælt með því að láta undan þeim þrýstingi. Víkið var sérstaklega að munnlegum prófum og fannst sumum nauðsynlegt að hafa prófdómara. Aðrir bentu á að hæglega væri hægt að taka munnleg próf upp til að sanna hvað þar færi fram. Munnleg próf eru nokkuð notuð á Laugarvatni og eru hljóðrituð ef til kæru skyldi koma. Sumir töldu áriðandi að skoða möguleika á fleiri munnlegum og verklegum prófum. Áherslur í námi við Kennaraháskóla Íslands séu þess eðlis að huga þurfi að fleiru en fræðilegri þekkingu, þótt hún sé vissulega mikilvæg.

Margir lögðu orð í belg um heimapróf og það þyrfti að gæta þess að útiloka þau ekki vegna slæmra dæma. Slæm dæmi er hægt að finna í öllu námsmati. Rætt var um hvað telst svindl í heimaprófi og bent á að ekki sé hægt að nota sams konar próf og venjulega þegar nemendur megi hafa öll gögn við höndina og leita sér upplýsinga á fjölbreyttan hátt. Nefnt var dæmi um að nemendur gætu í heimaprófi „klippt“ og „límt“ beint úr kennslubréfum eða öðrum heimildum. Sumum fannst skil á milli verkefnis og heimaprófs óljós. Ef heimapróf geta staðið í marga daga á bara að kalla þau verkefni. Almennt var talið að það þyrfti að skilgreina betur ýmis hugtök í sambandi við námsmat, þ.á m. Heimapróf og verkefni til þess að skýrt sé hvað felst í því að taka heimapróf og hvaða kröfur eru gerðar.

### **Hópverkefni – einstaklingsverkefni.**

Fram kom að verkefnum hefði fjölgað en vægið væri orðið minna (dæmi úr stærðfræði). Þar sem gefnar eru mjög nákvæmar forskriftir um hvernig eigi að vinna verkefni og nemendur fara vel eftir þeim leiðbeiningum er erfitt annað en gefa vel fyrir. Auk þess væru færri hlutlæg matsatriði í verkefnum en prófum. Svipaða sögu væri að segja um verklegt mat almennt. Bent var á að nemendur þyrftu að fá viðbrögð við verkefnum sínum eins fljótt og hægt væri, annars minnkaði gildi þeirra. Þá var rætt um kröfur til nemenda í sambandi við hvernig þeir skiluðu vinnu sinni í hópverkefnum. Það þarf að taka rækilega á því vandamáli þegar hluti hóps tekur ekki þátt í vinnunni og kemst upp með það. Hópvinna er eðlilegur þáttur en sú hugmynd kom fram að setja reglur um að mat fyrir hópverkefni megi ekki fara upp fyrir ákveðið hlutfall af heildarnámsmati.

Einnig var bent á að margir nemendur bæru við ótrúlegustu ástæðum ef þeir gætu ekki tekið þátt í hópvinnum og það þurfi að gera hér skýrar kröfur. Loks kom fram að vandasamt væri að gefa fyrir hópverkefni af þessum sökum, helst þyrfti að fylgja með vottorð um frammistöðu hvers og eins.

Var það fram spurtingu um hvort til væru dæmi um að nemendur hefðu verið felldir með einkunn undir 5 fyrir verkefni.

**Matsaðferðir.** Það kom almennt fram hjá flestum í hópnum að námsmat ætti að vera fjölbreytt, reyndar mun fjölbreyttara en raunin er. Ferlimiðað mat þurfi að skipa mun stærri sess í stað lokamats. Sumir sögðust nota jafningjamat töluvert og sögðu að nemendur væru misánægðir með það. Þeir væru gjarnan grimmir í mati á verkefnum annarra en óánægðir með mat á sínum eigin. Margir listgreinakennarar voru í einum hópnum og það var talið sérstaklega mikilvægt að námsmat í listgreinum væri fjölbreytt. Það þarf að meta bæði verkið og ferlið (*product / process*) og mikilvægt er að vera opin fyrir framförum nemenda. Hér var bent á sýnismöppur og ferlimöppur (*portfolio / process folio*) þar sem gefið er fyrir allt ferlið, lögð fram verk í tímum, þau gagnrýnd og loks safnað saman. Einnig voru nefndir möguleikar á notkun vefrænna sýnismappa, þ.e. hver nemandi hefði sitt svæði, opið eða lokað. Þá var tekið undir það sjónarmið sem kom fram um morguninn að afla þyrfti meiri vitneskju um verkleg og munnleg próf. Kennarar í listgreinum og á íþróttabraut töldu að námsmat í námskeiðum þar væri töluvert fjölbreytt.

Í umræðunni um fjölbreytni kom fram hjá ýmsum að nákvæmar kennsluáætlanir ynnu gegn henni sem slíkri. Það væri óþægilegt að finna að eigi að beina öllu í sama farveg og ekki sé svigrúm fyrir hið óvænta sem sé einmitt mikilvægur þáttur þeim störfum sem nemendur við skólann muni stunda í framtíðinni. Því þarf að hafa kennsluáætlanir dálítið opnar. Nemendur þurfa að geta skapað sér verkefni, t.d. lokaverkefni; það á að ekki að sníða þeim of þröngan stakk. Fleiri tóku undir þetta. Dæmi var um að kennari setti ekki fram fullbúna áætlun í upphafi námskeiðs heldur kæmi hún aðeins síðar. Hvert verkefni þarf samt að fá nákvæma skilgreiningu, það þarf að formgera án þess að ákveða fyrir nemendur.

**Hvað metið?** Mikilvægt er talið að markmið í hverju námskeiði séu skýr, því þau eru lykillinn að því að ákveða hvað á að leggja áherslu á í námsmati. Með öðrum orðum þá þarf að tengja vel námsmat og markmið. Á að meta þekkingar- og skilningsatriði? Á að meta gagnrýna hugsun? Á að meta frumkvæði og sköpun? Á að meta virkni í hópstarfi? Þannig mætti lengi spyrja. Ef sett eru skýr markmið í upphafi er auðveldara að skilgreina þá námsþætti eða þann námsafrakstur sem á að meta. Mikilvægt að allir kennarar skólans séu móðurmálskennarar þegar kemur að námsmati og t.d. leiðrétti íslenskt mál og taki slíka þætti inn í fyrirgjöf sína fyrir verkefni. Umræða var þó nokkur í einum hópnum um þetta atriði í tengslum við lokaverkefni. Greinilega væri ósamræmi í því hvað kennarar legðu til grundvallar í mati á þeim. Sumir horfðu fyrst og fremst á frumleika, nýbreytni og litu fram hjá þáttum eins og málfari og stafsetningu á meðan síðar nefndu þættirnir



vægju þungt hjá öðrum. Túlkunatriði og huglæg matsatriði eru mörg, hvað er t.d. frumkvæði? Gott er að nota matsviðmið (rubrics) í slíkum tilvikum.

**Tilgangur námsmats:** Bent var á mikilvægi þess að gera greinarmun á námsmati sem leiðsögn annars vegar (*formative*) og lokadómi hins vegar. Einn mikilvægasti þáttur námsmats á að vera leiðsögn, endurgjöf, og hvatning til dáða. En honum má samt ekki blanda saman við þann tilgang að afla upplýsinga og gefa vitnisburð um námsárangur við að loknum námstíma. Í þessu sambandi má til dæmis velja fyrir sér mun sem nefndur var á kjarnanámskeiðum og kjörsviðsnámskeiðum. Á kjörsviðinu fari þáttur leiðsagnar að vega mun þyngra á meðan námsmat í kjarnanámskeiðum á fyrri hluta skólagöngunnar gegni fremur því hlutverki að skera úr um hæfileika til áframhaldandi náms eða ekki. Eftir stendur sem áður að taka þarf af skarið um það hvort einkunn fyrir verkefni eigi að vera lokaeinkunn í viðkomandi námsþætti eða hvort gefa eigi nemanda kost á að endurgera verkefnið ef það stenst ekki kröfur og gefa svo lokaeinkunn.

**Fjölbreytni í mati:** Kennaraefni eiga kynnast fjölbreytni í námsmati. Áriðandi er að leita fjölbreyttari leiða. Þyrftum að vita meira um verkefni og mat á þeim. Við þurfum að þróa fleiri leiðir til námsmats en próf, spurning hvort á að hverfa frá þeim alfarið. Nota ferilmöppur og skipuleggja vinnu nemenda í lotum og námsmatið samofið við það. Lagður verði fram hugtakagrunnur [listi yfir námsmatsaðferðir]. Tengja betur saman fræði og framkvæmd. Prófa að nota dagbækur, sjálfmat og jafningjamat. Samfara fjölbreytni í matsaðferðum verður spurningin um hvort kennarar hafa ævinlega í huga tilgang námsmats þegar metið er, þ.e. leiðsagnarmat eða lokamat. Þegar um er að ræða leiðsagnarmat er matið samofið námi og kennslu og umsagnir, jafnt munnlegar sem skriflegar, skipta miklu máli, sem og gæði þeirra. Umsögn kennara má oft skoða sem n.k. lokakennslu, þ.e. síðasta tækifæri kennarans til að koma með ábendingar um hvað má betur fara. Góðar umsagnir fyrir verkefni skipta að því leyti meira máli en einkunnirnar sem nemendur fá fyrir þau. Hér koma einnig til álita erfið matsatriði, t.d. virkni fjarnema og þátttaka þeirra í umræðum.

**Álitamál í námsmati.** Nemendur með námserfiðleika. Hvað með lesblinda? Hvað með lesblinda og fjölvalsspurningar? Nemendur þurfa lengri próftíma eftir því sem þeir verða eldri.

**Kennsluáætlanir.** Áriðandi að kennsluáætlanir liggi skýrar fyrir.

**Samræming.** Fram kom bæði það sjónarmið að við þyrftum að búa okkur til gátlista til að auka samræmi í mati, þ.e. að hverju þyrfti að huga við mat og einnig hið gagnstæða, að kennarahópur hvers námskeiðs ætti að bera faglega ábyrgð á framkvæmd námsmats í viðkomandi námskeiði?

**Heimildaskrár:** Það kom kennurum almennt á óvart hversu óvandaðar heimildatilvísanir og heimildaskrár reyndust vera í lokaverkefnum. Forstöðumaður bókasafnsins bætti við áhyggjum sínum af því sem hún nefndi handahófskennt val á heimildum.

**Puríður J. Jóhannsdóttir** vakti athygli á nýútkominni skýrslu sem er hluti af NámUST-rannsókninni og fjallar um viðhorf kennara og nemenda í Kennaraháskóla Íslands til upplýsinga- og samskiptatækni í námi og kennslu. Þar kom fram að nemendur voru ánægðastir með það námsmat sem var algengast hjá kennurum og ekki óánægðir með neina sérstaka leið til að meta árangur þeirra. Fram kom munur á því hvaða námsmat kven- og karlkennarar notuðu mest. Konur notuðu hópverkefni mun oftar við kennslu. Hún benti einnig á að RKHÍ hefði aflað upplýsinga um að námsmat í nágrannalöndunum væri miklu fjölbreyttara en tíðkaðist á Íslandi.

### **Tillögur og spurningar sem m.a. komu fram í umræðuhópum:**

- Æskilegt er að safna saman upplýsingum og hugmyndum frá kennurum og sýnishornum af því sem þeir eru að gera í námsmati.
- Kennarar kynni sér sem víðast og best matsviðmið (*rubrics*) og noti alltaf þegar hægt er að koma þeim við
- Kennarar hafi ævinlega í huga hvort matið er leiðsagnarmat eða lokamat eða hvort tveggja í senn.
- Því ítarlegri og öruggari upplýsingar um námsmat í námsáætlunum, þeim mun betra.
- Taka þarf til endurskoðunar fyrirkomulag hópverkefna, einkum þátt svonefndra “farþega”, þ.e. þeirra sem leggja lítið sem ekkert að mörkum.
- Nemandinn taki aukinn þátt í námsmati (t.d. um eigið framlag), þ.e. þegar um leiðsagnarmat er að ræða.
- Æskilegt væri að gera úttekt á gæðum námsmats af utanaðkomandi aðila.
- Viðmið og markmið verði skýrari.
- Skylda alla til að skila inn kennsluáætlunum.
- Hafa kennsluáætlanir skýrar og gerð þeirra í samræmi við ákveðin viðmið, þ.e. um hvað komi fram í þeim.
- Kalla kennsluáætlanir námsáætlanir.
- Bæta lýsingar í Náms- og kennsluskrám.
- Spurning um að fá leiðbeiningar um lýsingu á námsmati í kennsluáætlunum.
- Skerpa viðmið um hvað býr á bak við einingar.
- Hætta að hafa próflausa áfanga.
- Hafa námsmatið opnara. Láta stundatöflu gilda allt misserið. Leggja af hefðbundna próftöflu.
- Hugsanlegt að leyfa nemendum að velja sér matsaðferðir. Nýta upplýsingatækni meira en gert er.
- Nemendur fái fleiri heimildaöflunarverkefni.
- Kalla eftir námsmatsformi sem vel hefur gefist: Setja upp hugmyndabanka.
- Áriðandi er að reyna að samræma notkun einkunna, hafa samræmi í notkun einkunnakvarðans.

**Heimildir:**

Bloom, Benjamin og fleiri. 1956. *Taxonomy of Educational Objectives: The Classification of Educational Goals*. McKay New York.

Gronlund, Norman E. 2003. *Assessment of Student Achievement*. 7. útgáfa. Allyn og Bacon Boston.

Kennaraháskóli Íslands. 2002. *Náms- og kennsluskrá háskólaárið 2002-2003*. Kennaraháskóli Íslands.

Lög um Kennaraháskóla Íslands. *Lög nr. 137 23. desember 1997*.